



RANNSÓKNAMIDSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

VETRARÁFANGASTAÐURINN AKUREYRI

SJÓNARHORN ÍBÚA



EYRÚN JENNY BJARNADÓTTIR

2022

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2022

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Vetraráfangastaðurinn Akureyri: Sjónarhorn íbúa
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-01-2022
ISBN: 978-9935-505-01-9
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Akureyri © María Helena Tryggvadóttir

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Staða þekkingar.....	2
<i>Innlendar rannsóknir á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu</i>	2
<i>Áfangastaðurinn Akureyri</i>	4
<i>Uppbygging vetrarferðamennsku</i>	6
Gagnasöfnun, framkvæmd rannsóknar og greining.....	9
Niðurstöður.....	11
<i>Upplifun Akureyringa af ferðaþjónustu og ferðamönnum á veturna</i>	11
<i>Upplifun íbúa af áhrifum ferðamennsku á samfélagið</i>	16
<i>Upplifun Akureyringa af ferðaþjónustu í heimsfaraldri</i>	18
<i>Framtíðarsýn Akureyringa um ferðamennsku</i>	19
Samantekt	23
Heimildaskrá	25
Viðauki 1 Spurningalisti fyrir vefkönnun	29
Viðauki 2 Upplýsingar úr netkönnun um bakgrunn svarenda.....	32
Viðauki 3 Niðurstöður vefkönnunar.....	33
Viðauki 4 Hverju hefur þú helst þurft að breyta? Svör við opinni spurningu.....	48



Myndaskrá

Mynd 1 Gistinætur á Akureyri eftir mánuðum 2012-2020 - allir gististaðir.....	5
Mynd 2 Hlutdeild útlendinga í heildarfjölda gistinátta á Akureyri 2012-2020 - allir gististaðir	5
Myndir 3-4 Auglýsingar fyrir innanlandsmarkað um Norðausturland utan háannar.....	6
Mynd 5 Auglýsing fyrir innanlandsmarkað um Akureyri sem áfangastað utan háannar.	7
Mynd 6 Helsta aðdráttarafl Akureyrar á veturna að mati Akureyringa	11
Mynd 7 Viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna á veturna 2014-2021	12
Mynd 8 Upplifun Akureyringa af ferðamönnum á tímum COVID-19.....	12
Mynd 9 Viðhorf Akureyringa til vetrarferðþjónustu	13
Mynd 10 Mælikvarðar fyrir ánægju Akureyringa með ferðþjónustu yfir vetrartímann og mat þeirra á mikilvægi hennar.....	13
Mynd 11 Ný tækifæri á sviði útivistar og afþreyingar sem Akureyringar höfðu nýtt sér.....	14
Mynd 12 Jákvæðustu þættir ferðþjónustunnar á Akureyri.....	16
Mynd 13 Viðhorf til nokkurra þátta ferðþjónustunnar	16
Mynd 14 Neikvæðustu þættir ferðþjónustunnar á Akureyri	17
Mynd 15 Upplifun af áhrifum af fækkun ferðamanna vegna COVID-19-faraldursins.....	18
Mynd 16 Viðhorf Akureyringa til ferðamanna eftir heimsfaraldur	19
Mynd 17 Aukin áhersla á sjálfbærni.....	20
Mynd 18 Hugmyndir íbúa um tækifæri fyrir ferðþjónustuna á Akureyri	20
Mynd 19 Viðhorf Akureyringa til fjölgunar útivistar- og afþreyingarmöguleika í bæjarlandinu	21

Töfluskrá

Tafla 1 Erlendir og innlendir ferðamenn á Íslandi og fjöldi ferða og gistinátta innlendra ferðamanna 2009-2020.....	2
---	---



INNGANGUR

Akureyri hefur um árabíl verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga, sumar jafnt sem vetur (MMR, 2018; Birkir Örn Gretarsson o.fl., 2020) en hlutfall erlendra ferðamanna hefur einnig vaxið hratt síðustu ár (Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026). Mikilvægi ferðaþjónustu hefur því farið sívaxandi en í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar 2016-2026 er áhersla á að samfélagið eigi að njóta góðs af ferðaþjónustunni (Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026).

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig Akureyringar upplifa sína heimabyggð sem vetraráfangastað. Sjónum er beint að félagslegum áhrifum af uppbyggingu Akureyrar sem vetraráfangastaðar og hvort vísbendingar séu til staðar um álag á íbúanna vegna ferðaþjónustunnar. Rannsóknin veitir innsýn í áherslur íbúa hvað varðar uppbyggingu vetrarferðaþjónustu, skipulagningu og stýringu hennar til framtíðar.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) hefur frá árinu 2014 rannsakað og safnað gögnum um upplifun og viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamennsku bæði á landsvísi og í einstökum samfélögum í byggðum landsins. Þessi kerfisbundna söfnun meginlegra og eigindlega gagna um áhrif ferðamennsku á heimamenn á tímabili vaxtar (stöðugar fjölgunar erlendra ferðamanna) byggir á víðtækri rýni erlendra rannsókna (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020; Helgadóttir o.fl., 2019). Viðhorf Akureyringa til ferðaþjónustu hafa ekki verið rannsökuð áður, sömuleiðis er þessi rannsókn sú fyrsta þar sem sjónum er beint sérstaklega að áhrifum uppbyggingar vetrarferðamennsku. Niðurstöðurnar draga fram sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu vetrarferðamennsku á Akureyri.

Rannsóknin var framkvæmd 2021 og var tvíþætt. Í fyrsta lagi voru tekin rýnihópaviðtöl við Akureyringa um upplifun þeirra af ferðamönnum og ferðaþjónustu á Akureyri á veturna, jákvæðar og neikvæðar hliðar vetrarferðamennsku í bænum og framtíðarhorfur. Í öðru lagi var gerð vefkönnun meðal úrtaks Akureyringa um viðhorf þeirra til uppbyggingar ferðaþjónustu, ánægju með vetrarferðaþjónustu og væntingar um ferðaþjónustu í framtíðinni.

Rannsóknin fór fram á tíma sem á sér enga hliðstæðu. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft umtalsverð áhrif á ferðaþjónustu og ferðalög fólks um allan heim (UNWTO, 2022) og Ísland hefur þar ekki verið nein undantekning. Hrun var í komum erlendra ferðamanna en í staðinn var mikil áhersla á ferðamennsku innanlands. Ekki er enn að fullu ljóst hvaða áhrif faraldurinn kemur til með að hafa á ferðalög fólks til framtíðar né hvernig endurreisn atvinnugreinarinnar verður háttáð (Woosnam o.fl., 2021, Zencker og Kock, 2020; Ivanova o.fl., 2020). Markmið þessarar rannsóknar er því öðrum þræði ætlað að ná fram áherslum heimamanna til endurreisnar ferðaþjónustunnar að faraldrinum loknum. Rannsókn á viðhorfum íbúa á eðli og umfangi vetrarferðaþjónustu á Akureyri getur þannig verið innlegg í upplýsta ákvörðunartöku þar sem tekið er mið af þörfum heimamanna.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og samanburði við fyrri rannsóknir RMF á viðhorfum íbúa hér á landi að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Eftir inngangskafli er gerð grein fyrir stöðu þekkingar á viðhorfum íbúa á Íslandi og umfjöllun um áfangastaðinn Akureyri. Þá er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar og niðurstöður síðan settar fram í fjórum hlutum. Í fyrstu tveimur er fjallað um upplifun Akureyringa af ferðaþjónustu og ferðamönnum á veturna og upplifun þeirra af ferðaþjónustu í heimsfaraldri. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir upplifun íbúa af áhrifum ferðamennsku á samfélagið og í þeim fjórða er hugmyndum Akureyringa um framtíð ferðaþjónustunnar gerð skil. Að lokum er samantekt og lokaorð.

Rannsóknin var unnin með stuðningi frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Verkefnastjórn var í höndum Eyrúnar Jennýjar Bjarnadóttur og Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hafði umsjón með gagnaöflun. Skýrsluhöfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkir fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fær starfsfólk þjónustu- og skipulagssviðs Akureyrarbæjar fyrir veittar upplýsingar og aðgang að gögnum. Íbúum Akureyrar eru þakkaðar góðar undirtektir í rýnihópum og vefkönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.



STAÐA ÞEKKINGAR

Innlendar rannsóknir á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu

Fjöl margar rannsóknir ferðamálafræðinnar hafa undirstrikað mikilvægi þess að uppbygging í ferðamennsku og mótun áfangastaða verði ekki á þann veg að íbúarnir þurfi að líða fyrir (Kim o.fl., 2013; Vogt, o.fl., 2020; Sharpley, 2014). Þvert á móti ætti ferðapjónusta að hafa efnahagslegan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning, stuðla að uppbyggingu samfélaga og bæta lífsgæði íbúa (Helgadóttir o.fl., 2019; Andereck og Vogt 2000). Skilningur á áhrifum vaxandi ferðamennsku á samfélag og líf þeirra sem byggja áfangastaðinn er lykilatriði í skipulagningu ferðapjónustunnar og áætlunum sem stuðla að sjálfbærni (Eusébio o.fl., 2018; McKercher o.fl., 2015; Cheer o.fl., 2019). Fræðimenn hafa ítrekað lagt áherslu á að sjálfbærni verði ekki náð ef ekki er tekið tillit til sjónarmiða íbúanna við uppbyggingu ferðapjónustunnar (Obradović o.fl., 2021; Cheer o.fl., 2019). Allir hagsmunaaðilar innan ferðapjónustunnar hafa hag af því að þekkja hvernig samfélag heimamanna upplifir kosti og ókosti ferðamenskunnar (Thyne o.fl., 2022).

Framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda til ársins 2030 er að íslensk ferðapjónusta verði leiðandi í sjálfbærni í sátt við land og þjóð. Í því felst m.a. að ávinningur ferðapjónustu skili sér í jákvæðum áhrifum á nærsamfélag og í auknum lífsgæðum heimamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Undanfarinn áratug hefur vöxtur ferðamennsku á Íslandi verið hraður. Þegar kórónuveirufaraldurinn skall á fyrri hluta árs 2020 hafði komum erlendra ferðamanna til landsins fjölgað að jafnaði um 28% á hverju ári á tímabilinu 2010-2019. Á þeim árum sem ferðamönnum fjölgaði hraðast vöknudu spurningar um á hvaða braut áfangastaðurinn Ísland væri í þróun ferðapjónustu og hvort íslenskt samfélag, umhverfi og innviðir ferðapjónustunnar hefðu burði til að taka á móti ört fjölgandi ferðamönnum (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). RMF hefur frá árinu 2014 tekið þátt í rannsóknum og öflun gagna á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu. Þessi gagnaöflun hefur verið hluti af reglubundinni gagnaöflun hins opinbera um viðhorf heimamanna. Þessi gagnasöfnun hefur tengsl við verkefni nr. 3 í Rannsóknaráætlun

Ferðamálastofu 2021-2023, sem snýr að mati á viðhorfi Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamanna á landsvísi og eftir landshlutum (Ferðamálastofa, 2021a). Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að staðbundin einkenni hvers staðar og samfélags geta haft áhrif á viðhorf íbúa og veitt innsýn í sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðapjónustu og móttöku ferðamanna. Almennt telja Íslendingar jákvæðustu áhrif ferðapjónustunnar hér á landi felast í efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu íbúa um ánægju og bjartsýni. Neikvæðustu áhrifin snúa að stýringu og stjórnun greinarinnar en hafa síður beinst að ferðamönnum sjálfum (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020; Helgadóttir o.fl. 2019; Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019).

Kórónuveirufaraldurinn olli hruni í komum erlendra ferðamanna til landsins. Fjöldi erlendra ferðamanna dróst saman um 76% milli ára og hafði árið 2020 ekki verið minni í áratug (tafla 1). Sem hluta af aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við

Tafla 1 Erlendir og innlendir ferðamenn á Íslandi og fjöldi ferða og gistingu innlendra ferðamanna 2009-2020

(Byggt á heimildum: Gallup, 2021 og Ferðamálastofa, 2021b)

Ár	Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands	Hlutfallsleg breyting á milli ára	Hlutfall Íslendinga sem ferðast innanlands	Hlutfallsleg breyting á milli ára	Meðalfjöldi ferðalaga Ísl. innanlands	Meðalfjöldi gistingu Ísl. innanlands
2009	493.900	-2%	88%	-	-	14,3
2010	488.600	-1%	90%	2%	-	14,8
2011	565.600	16%	88%	-2%	-	14,0
2012	672.880	19%	88%	0%	6,9	15,0
2013	807.300	20%	88%	0%	5,7	15,4
2014	997.300	24%	87%	-1%	6,6	15,7
2015	1.289.100	29%	85%	-2%	6,0	14,7
2016	1.792.200	39%	84%	-1%	5,9	14,5
2017	2.224.600	24%	84%	0%	6,2	13,5
2018	2.343.800	5%	85%	1%	6,2	12,9
2019	2.013.200	-14%	85%	0%	6,7	14,0
2020	486.308	-76%	86%	1%	5,7	16,6



áhrifum faraldurs á ferðapjónustu voru landsmenn hér, líkt og víða annars staðar, hvattir til ferðalaga innanlands. Íslendingar brugðust vel við kallinu og vöktu innlendir ferðamenn mun meiri eftirtekt íbúa en áður (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2021). Áhugi og viðmót innlendra ferðamanna kom íbúum skemmtilega á óvart og var almenn ánægja með ferðalög Íslendinga um eigið land. Á sama tíma drógust utanlandsferðir Íslendinga saman um 70% milli 2019 og 2020 og hafði hlutfall landsmanna sem fór til útlanda á árinu aldrei mælt lægra (24%) (Gallup, 2021). Þó svo að innlendir ferðamenn hafi verið meira áberandi í faraldrinum er ekki beinlínis hægt að halda því fram að innlendir ferðamenn hafi ekki verið duglegir að ferðast um eigið land áður fyrir tíma COVID-19. Um 86% landsmanna ferðuðust innanlands árið 2020 og hefur hlutfallið haldist nokkuð jafnt frá upphafi reglubundinna mælinga, að jafnaði um 86% (tafla 1). Að vísu dróst meðalfjöldi ferða saman milli árána 2019 og 2020 en meðaldvalartími innanlands lengdist. Þessi gögn um ferðalög Íslendinga gefa vísbendingar um að ferðalög innanlands hafi verið fastur liður hjá stórum hluta landsmanna þar sem hlutfall landsmanna sem hefur ferðast innanlands hefur haldist stöðugt. Einnig vekur athygli að ekki virðist hafa dregið úr ferðum innanlands á sama tímabili og erlendum ferðamönnum fjölgaði hvað hraðast.

Í rannsóknnum RMF á viðhorfum íbúa til ferðamanna á árunum 2014-2019 snérist umræða íbúa um ferðamenn að mestu leyti um erlenda ferðamenn. Svipað er uppi á teningnum í mörgum erlendum rannsóknum á viðhorfum heimamanna sem beina sjónum sínum að erlendum ferðamönnum, þar sem hóparnir tveir eru gjarnan af mismunandi menningarlegum bakgrunni og þjóðerni (Joo o.fl., 2018). Innlendir ferðamenn hafa verið sá hópur sem minna hefur verið rannsakaður hérlendis en þó hefur Ferðamálastofa haldið úti árlegri gagnasöfnun um ferðalög Íslendinga og ferðaáform frá 2009. Einnig má nefna rannsókn Kristínar Loftsdóttur o.fl. (2021) um ferðir Íslendinga til Kanaríeyja, rannsókn Jakobs Frímans Þorsteinssonar o.fl. (2021) um kynni unglunga af vinsælum ferðamannastöðum, rannsókn RMF á ferðahegðun Íslendinga á Norðurlandi að vetri til árið 2008 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2008) auk nokkurra lokaritgerða á háskólastigi. Fáar rannsóknir hér á landi hafa beint sjónum að viðhorfum íbúa til innlendra ferðamennsku fyrir utan fyrrnefnda rannsókn RMF á viðhorfum íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu á tímum COVID-19.



Áfangastaðurinn Akureyri


Akureyri er fimmta fjölmennasta sveitarfélag landsins, annað fjölmennasta utan höfuðborgarsvæðisins á eftir Reykjanesbæ og langstærsti þéttbýlisstaðurinn utan helsta áhrifasvæðis Reykjavíkur. Í sveitarfélaginu búa 19.219 manns, þar af búa 18.933 í þéttbýlinu á Akureyri við botn Eyjafjarðar og um 200 manns í Grímsey og Hrísey (Hagstofa Íslands, 2022a; 2022b). Frá fornu fari er Akureyri rótgróinn verslunar- og iðnaðarbær en með tímanum hefur samsetning atvinnulífsins breyst og orðið fjölbreyttari. Í dag hefur Akureyri mikilvægu hlutverki að gegna fyrir Norður- og Austurland hvað varðar verslun og þjónustu, afþreyingu og menningu, menntamál, stjórnsýslu, heilbrigðisþjónustu o.m.fl. (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2021). Í aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er bærinn skilgreindur sem miðstöð ferðaþjónustu á Norðurlandi og er litið á ferðaþjónustu sem eina af meginstöðum atvinnulífsins í bænum ásamt opinberri þjónustu, sjávarútvegi, matvælaframleiðslu, skólastarfsemi, upplýsingatækni og vöru- og farþegaflutningum (Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030).

Út frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar hefur stundum verið litið á „Akureyri sem miðstöð svæðisins en þá sem viðkomustað og einhverskonar skiptipunkt á leið ferðalanga til hins „öfluga baklands“ sem felst í aðdráttarafli Mývatns og Húsavíkur“ (Edward. H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2008:24). Engu að síður er ferðaþjónusta á Akureyri mjög fjölbreytt. Þar er mikið úrval af gisti- og veitingastöðum, ýmiss konar afþreying í boði s.s. gönguleiðir, sundlaugar, hvalaskoðun, skíði og jeppaferðir auk menningarstarfsemi á borð við söfn og leikhús (Akureyrarbær, e.d.a.). Á Akureyri er einnig einn af fjórum millilandaflugvöllum landsins. Umhverfis Akureyri er að finna ýmis útivistarsvæði þar sem aðstaða til útivistar og íþróttaiðkunar er með ágætum. Ýmiss konar viðburðir eru haldnir árlega í bænum auk minni viðburða á borð við leiksýningar, tónleika og gjörninga. Yfir sumarið má nefna Akureyrarvöku, golfmótið Arctic Open, verslunarmannahelgarhátíðina Eina með öllu, Bíladaga, Listasumar á Akureyri og ýmis knattspyrnumót á borð við Goðamótið, N1-mótið og Pollamótið. Á hausti, vori og vetri má nefna Iceland Winter Games, AK-Akureyri Extreme, Andrésar Andar leikana, A! Gjörningahátíð og Dömulega dekurdaga (Akureyrarbær, e.d.b.).

Samkvæmt Landamærakönnun Hagstofu Íslands og Ferðamálastofu heimsóttu um 30% erlendra ferðamanna á Íslandi Norðurland árið 2019 og gistu þar að jafnaði 2,8 nætur (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Af þeim sem heimsóttu Norðurland komu um 23% erlendra ferðamanna til Akureyrar og var bærinn fjórði algengasti viðkomustaður erlendra ferðamanna í landshlutanum á eftir Mývatni (72%), Dettifossi (63%) og Húsavík (45%). Miðað við þetta hlutfall (23%) var áætlaður heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Akureyri árið 2019 um 138.000 (Oddný Þóra Óladóttir, 2020) en óhætt er að segja að hér sé varlega áætlað. Ótalinn er sá fjöldi sem líklegt er að hafi aðeins haft stutta viðkomu í bænum á leiðinni annað. Farþegar sem koma með skemmtiferðaskipum í Akureyrarhöfn eru heldur ekki inni í þessum tölum. Sá fjöldi var árið 2019 rúmlega 140.000 (Mælaborð ferðaþjónustunnar, e.d.) en kannanir sýna að hluti farþeganna fer ekki úr bænum meðan skipin eru þar í höfn (Þórný Barðadóttir, 2019). Jafnframt er enn ótalinn sá fjöldi farþega sem kemur með beinu flugi að utan til Akureyrar.

Akureyri hefur lengi verið einn af vinsælustu áfangastöðum Íslendinga (MMR, 2018; Birkir Örn Gretarsson o.fl., 2020). Árið 2021 sóttu tæp 38% landsmanna Akureyri heim (Gallup, 2021). Ef rýnt er í gögn um gistinætur innlendra og erlendra ferðamanna á Akureyri kemur í ljós að hlutfall erlendra ferðamanna óx hraðast á árunum 2012-2016, þar sem fjölgun milli ára var á bilinu 11-17%. Eftir það var fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna nokkuð stöðugur uns þeim fækkaði um 77% árið 2020 vegna kórónuveirufaraldursins. Á mynd 1 á næstu síðu sést að árstíðasveifla í gistinóttum erlendra ferðamanna hefur verið töluverð en nokkuð hefur dregið úr henni síðari ár sem sést m.a. á því að hlutfall gistinátta yfir sumarmánuðina (júní-ágúst) hefur lækkað jafnt og þétt á hverju ári; frá 73% árið 2012 í 48% árið 2019. Þess í stað hafa „axlirnar“ á vor- og haustmánuðum breikkað, ívið meira á vori en hausti. Fyrir vikið hefur dregið úr árstíðasveiflunni sem vissulega er þó enn til staðar. Hlutfall gistinátta útlendinga af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði hefur hækkað milli ára ef frá er talið árið 2020 (mynd 2 á næstu síðu). Í heildina hafa gistinætur Íslendinga verið talsvert færri en erlendra ferðamanna. Þrátt fyrir það hefur fjöldi gistinátta Íslendinga verið nokkuð stöðugur utan sumartímans, einkum á tímabilinu janúar-apríl þegar gistinætur hafa verið á bilinu 5-6.000 í hverjum mánuði (mynd 1).






Mynd 2 Gistinætur á Akureyri eftir mánuðum 2012-2020 - allir gistaðir (Byggt á heimild: Hagstofa Íslands, e.d.)

Í gistináttagögnum Hagstofunnar koma fram upplýsingar um greidda gistingu á hótelum og gistiheimilum auk annarrar gistingar. Undir það fellur íbúðagisting, heimagisting, orlofshús, farfuglaheimili, tjaldsvæði o.s.frv. Hér er ótalin ógreidd gisting s.s. heimahúsum íbúa á svæðinu og íbúðum sem eru í eigu einstaklinga og félagasamtaka með búsetu í öðrum sveitarfélögum en Akureyri. Um 11% íbúða í bænum eru í eigu einstaklinga eða lögaðila með lögheimili utan Akureyrar (Húsnæðisáætlun 2022). Ef ekki er um fasta búsetu að ræða getur verið vandasamt að átta sig á þeim hópi fólks sem gistir í þeim húsum þar sem þeir tengjast hvorki hefðbundnum fyrirtækjum ferðaþjónustu beint né koma fram í opinberum tölum um ferðaþjónustu líkt og gistináttatalningum (Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens, 2010).

¹ Áhersla um Akureyri sem grænan áfangastað hefur tengsl við umhverfisstefnu bæjarins og á að hvetja ferðaþjónustufyrirtæki í bænum til spegla þá stefnu. Auk þess skuli ferðaþjónustufyrirtæki hvött til að miðla upplýsingum um sorpflokkun til ferðamanna,



Mynd 1 Hlutdeild útlendinga í heildarfjölda gistinátta á Akureyri 2012-2020 - allir gistaðir (Byggt á heimild: Hagstofa Íslands, e.d.)

Eitt af markmiðum í aðalskipulagi Akureyrar er að bærinn verði einn eftirsóttasti ferðamannabær landsins og að áhersla verði lögð á að skapa fyrirtækjum í ferðaþjónustu aðstöðu til vaxtar og sóknar. Aðrir snertifletir ferðaþjónustu og aðalskipulags snúa m.a. að bættum samgöngum til og frá Akureyri, styrkari stöðu Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar og að bærinn verði kynntur sem vistvænn og kolefnishlutlaust sveitarfélag. Þá er lagt til að útivistarkostum verði fjölgað í bæjarlandinu, gönguleiðir verði bættar og að Hlíðarfjall verði gert að heilsárs útivistarsvæði svo fátt eitt sé nefnt (Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030). Í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar 2016-2026 kemur fram framtíðarsýn fyrir Akureyri sem vistvænan og grænan¹ heilsárs áfangastað sem býður fjölbreytta upplifun og góða þjónustu. Jafnframt er áhersla á að samfélagið eigi að njóta góðs af ferðaþjónustunni (Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026).

flokkunartunnur verði sýnilegar á fjölförnum leiðum og að aukin áhersla verði á rafræna miðlun upplýsingaefnis um leið og dregið verði úr prentun efnis (Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026).



Uppbygging vetrarferðamennsku

Í áfangastaðaáætlun Markaðsstofu Norðurlands hefur vetrarferðþjónusta verið ein af helstu áherslum í uppbyggingu ferðþjónustu í landshlutanum (Markaðsstofa Norðurlands, 2021). Þessi áhersla er ekki úr lausu lofti gripin. Um tveir áratugir eru síðan ein helsta áskorun ferðþjónustunnar á Norðurlandi einkenndist af stuttu ferðamannatímabili og að ekki var hægt að vinna við ferðþjónustuna allt árið. Árstíðabundnar sveiflur í eftirspurn ferðamanna er þekkt áskorun en slíkar sveiflur geta m.a. verið háðar lýðfræðilegum þáttum, lífsstíl og veðurfari (Baum og Hagen, 1999). Meirihluti stjórnenda ferðþjónustufyrirtækja á Norðurlandi taldi árið 2019 að langmest væri að gera á sumrin en mun minna á öðrum árstímum (Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, 2019).

Stofnaður var ferðamálaklasi fyrir Norðurland árið 2006 með það að markmiði að jafna út ársíðasveiflur og gera ferðþjónustu á Norðurlandi að ábatasamri atvinnugrein allt árið (Margrét Víkingsdóttir og Anna Karlsdóttir, 2007). Talið var að framboð þjónustu á svæðinu væri með ágætum en að helsta vandamálið var stutt háönn, sem stóð frá júní og fram í ágúst. Ferðaklasinn beindi því sjónum að samvinnuverkefnum og vörubrúun sem efldu ferðþjónustu á lágönn, á vori, hausti og vetri, til að ýta undir betri nýtingu fjárfestinga, auka arðsemi og örva atvinnulífið sem byggði á sérstöðu svæðisins. Fyrir utan funda- og námskeiðahald, rannsóknir og greiningar kom klasinn að vörubrúunarverkefnum sem byggði á samvinnu fyrirtækja. Má þar nefna verkefni á borð við Næturgaman á Norðurlandi, markaðsátakið Vetrarhelgarferðir til Akureyrar og Snow Magic sem byggði á uppbyggingu vetrarferðamennsku í Mývatnssveit (Margrét Víkingsdóttir og Anna Karlsdóttir, 2007). Klasasamstarfið leystist upp þegar vaxtarsamningurinn rann sitt skeið í árslok 2007 og var endurnýjaður í breyttri mynd (Huijbens, Jóhannesson og Jóhannesson, 2014).

Hugmyndir um eflingu vetrarferðþjónustu höfðu m.a. tengingu við hugmyndir um að innleiða vetrarfrí í grunnskóla landsins en slík frí eru víða þekkt erlendis m.a. á Norðurlöndunum. Tækifærið til að koma á vetrarfrí hjá skólunum opnaðist við lengingu skólaársins í tengslum við kjarasamninga Kennarasambands Íslands árið 1999 (Vetrarfrí verða víða í grunnskólum, 1999). Fyrst um sinn voru uppi vissar efasemdir um að slík frí hentuðu íslensku þjóðfélagi. Þó var talið að þarna færu

saman hagsmunir ferðþjónustunnar á landsbyggðinni, sem myndi nýta betur fjárfestingu og aðstöðu utan háannatíma ferðþjónustunnar og hagsmunir fjölskyldna sem gætu haft tíma til meiri ferðalaga yfir vetrartímamann (Auður Ingólfsdóttir, 1997). Núorðið taka flestir eða allir grunnskólar landsins vetrarfrí, ýmist í einu lagi eða styttri frí á hvorri önn. Á heimasíðu Akureyrarbæjar eru vetrarfrí á Akureyri kynnt sem ógleymanleg upplifun (Akureyrarbær, e.d.c.). Á þeim tíma sem vetrarfríin eru er iðulega fjölmenni á Akureyri sem m.a. hefur sést í aðsóknartölum í Hlíðarfjalli og mannlífinu á götum bæjarins (Rögvaldur Már Helgason, 2016; Ingi Steinar Ellertsson, 2010)

Akureyri hafði ákveðna sérstöðu á Norðurlandi í markaðs- og kynningarmálum í gegnum Akureyrarstofu, menningar-, markaðs- og ferðamálastofu Akureyrar, sem



Myndir 3-4 Auglýsingar fyrir innanlandsmarkað um Norðausturland utan háannar. Sú efri er frá 2003 en sú neðri frá 2004



stofnuð var 2007 að fyrirmynd Höfuðborgarstofu (Edward. H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2008). Að mati bæjaryfirvalda uppfylltu svæðisbundin samstarfsverkefni ekki þörfina á markaðssetningu á Akureyri og að nýta þyrfti betur það afl sem byggir í aðilum innanbæjar (Ferðamálastofa, 2007). Markmiðið um stofnun Akureyrarstofu² var m.a. að efla ferðaþjónustu sem heilsársatvinnugrein í bænum og fjölga ársverkum. Sérstök áhersla var á að skapa Akureyri nafn sem ákjósanlegum og spennandi áningarstað ferðamanna og lengja dvöl þeirra í bænum (Edward. H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2008).

Íslendingum hefur þótt Norðurland vera einn mest spennandi landshlutinn til vetrarferða (Ferðamálastofa, 2010). Innlendir ferðamenn hafa jafnframt reynt vera mikilvægur hópur fyrir ferðaþjónustuna utan háannar á Akureyri (María Helena Tryggvadóttir, munnleg heimild). Á innanlandsmarkaði hefur verið ráðist í kynningarherferðir s.s. til að kynna þá viðburði sem eru í bænum og til að kynna Akureyri sem áfangastað fyrir styttri ferðir. Dæmi um slíkar kynningar má sjá á myndum 3-5 en sú síðastnefnda tengist markaðsherferðinni *Komdu norður – helgarævintýri á Akureyri* sem fyrirtæki og stofnanir á Akureyri ásamt Akureyrarbæ og Vaxtarsamningi Eyjafjarðar unnu saman að til að efla ferðamennsku utan háannar (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2008).

Hvað erlenda markaðinn varðar hefur áhersla verið lögð á að koma á reglubundnum flugtengingum til Akureyrar frá Evrópu. Mikil vinna hefur verið lögð í markaðssetningu Akureyrarflugvallar svo sem af hálfu Markaðsstofu Norðurlands og Flugklasans Air66N en þessi vinna tengist m.a. áherslum íslenskra stjórnvalda um dreifingu ferðamanna um landið. Beint flug á áfangastaði getur aukið aðdráttarafl í samspili við verð og vegalengdir (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2010). Framboð á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll hefur verið breytilegt milli ára og þar af leiðandi hafa sveiflur í fjölda farþega verið nokkuð miklar. Til marks um það hefur fjöldi millilandafluga á Akureyrarflugvelli verið á bilinu 4.400-16.000 síðustu 10 ár (Isavia, e.d.). Þrátt fyrir þessar sveiflur hefur hlutdeild Akureyrarflugvallar í millilandaflugi verið stöðug, eða 0,1-0,3% af heildarfjölda millilandafluga til landsins (Isavia, e.d.). Reynslan af millilandaflugi um

² Akureyrarstofa var lögð niður í árslok 2021 og starfsemi hennar færð til þjónustu- og skipulagsviðs Akureyrarbæjar (Akureyrarbær, 2021)



Komdu norður!

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðbóðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skóparadís, 2 sundlaugar, 3 íkamsæktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nýstí 18 hlotu golfvöllur í helmi, lýstigardur, heilsusaur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reioflötur, óvissuferðir, Hisey og að sjálfsgögu Kjarnaskógur.
- 5 hótel, 12 gjstheimill, 200 otarfsbúðir, 2 fjaldsvoði og aðrir gjstmöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibílastöðir og sjóppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndhús, 6 skemmtistadir.
- Auðvelt að komast um: Frití í strætó og fri bílastæði.
- Gott úrval öðkra verslana.

Nánari upplýsingar á vistakureyri.is og nordurland.is

Mynd 5 Auglýsing fyrir innanlandsmarkað um Akureyri sem áfangastað utan háannar. Auglýsingin var hluti af markaðsherferðinni *Komdu norður*.



Akureyrarflugvöll á árunum 2009-2012 hefur gefið vísbindingar um möguleika þess að dreifa erlendum ferðamönnum víðar um landið. Rannsóknir meðal farþega í beinu flugi og í tengiflugi milli Akureyrar og Keflavíkur hafa bent til þess að beint flug á áfangastaðinn skipti sköpum um ferðamynstur fólks og að ferðamenn í styttri ferðum virtust ekki alltaf fara langt frá flugvelli og létu oft nægja að dvelja á Akureyri og nágrenni (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2012; Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2018). Jafnframt hafa kannanir bent til þess að dvalarlengd ferðamanna sem komu norður með beinu flugi var lengri en þeirra sem komu til landsins gegnum Keflavíkurlugvöll. Meðaldvalarlengd ferðamanna sem koma í beinu flugi á Norðurland hefur verið á bilinu 7-11 nætur á Norðurlandi á meðan gistinætur á Norðurlandi hafa að jafnaði verið um 2 nætur meðal ferðamanna sem koma til landsins gegnum Keflavíkurlugvöll (Eyrún Jenný Bjarnadóttir 2018; 2010; Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2012). Um skeið stóð breska ferðaskrifstofan Super Break stóð fyrir beinum ferðum frá Bretlandi til Akureyrar yfir vetrarmánuðina og fyrir kórónuveirufaraldurinn voru nýhafnar ferðir hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel. Báðum þessum verkefnum var vel tekið og hefur verið ánægja meðal ferðaðþjónustunnar á Norðurlandi um betri nýtingu innviða á svæðinu (Markaðsstofa Norðurlands, 2019; Ágúst Ólafsson, 2019). Í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2020-2034 kemur fram að stefna stjórnvalda sé að „auka millilandaflug um Akureyri eða Egilsstaði til að ferðamenn dreifist betur um landið og efla ferðaðþjónustu á landsbyggðinni“ (Þingskjal nr. 1944/2019-2020). Þetta rímar við stefnumótandi byggðaaáætlun þar sem ein af áherslunum er að styðja við uppbyggingu nýrra fluggátta inn í landið til að tryggja jafnari dreifingu ferðamanna um landið (Þingskjal nr. 1849/2020-2021).



GAGNASÖFNUN, FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR OG GREINING

Í þessari rannsókn var stuðst við svokallað blandað rannsóknarsnið þar sem bæði eigindlegum og meginlegum aðferðum var beitt. Eigindlegar aðferðir eru til þess fallnar að dýpka skilning á viðhorfum fólks en meginlegar aðferðir gefa yfirlit yfir skoðanir fólks á ýmsum viðfangsefnum og gera rannsakendum sömuleiðis kleift að draga ályktanir um þýðið, að uppfylltum tölfræðilegum forsendum (Anna Ólafsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir, 2021). Eigindlegum gögnum var safnað með þremur rýnihópaviðtölum við íbúa á Akureyri. Rýnihópar, eða hópviðtöl, eru rannsóknaraðferð sem byggir á félagslegum samskiptum innan hóps þar sem samræðurnar, sem eiga sér stað milli þátttakenda, eru hryggjarstykkið í gagnasöfnuninni (Sóley Sesselja Bender, 2021). Meginlegum gögnum var safnað með vefkönnun sem send var á úrtak íbúa á Akureyri. Spurningakannanir eru notaðar til að safna tölulegum gögnum um úrtak hópsins sem ætlunin er að alhæfa um (Grétar Þór Eypórsson, 2021).

Rýnihópar

Markmiðið með rýnihópunum var að fá fram umræður og sjónarmið hins almenna borgara sem býr og starfar á Akureyri og dýpka skilning rannsakenda á vetrarferðaþjónustu á Akureyri. Þátttakendur voru valdir í rýnihópana með hentugleikaúrtaki að uppfylltum nokkrum skilyrðum; þeir væru 18 ára eða eldri, hefðu fasta búsetu í pósthúsinu 600 Akureyri³ og hefðu ferðaþjónustu ekki að aðalstarfi, því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem hafa tekjur af ferðaþjónustu eru að jafnaði jákvæðari í garð greinarinnar en aðrir íbúar (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020). Notaður var spurningarammi þar sem megináherslan var á að ræða upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðaþjónustu á Akureyri á veturna, jákvæðar og neikvæðar hliðar vetrarferðamennsku í bænum og framtíðarhorfur. Í samræmi við persónuverndarlög voru viðmælendur beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir

³ Áhersla var á að ná til íbúa í pósthúsinu 600 Akureyrar. Sumar erlendar rannsóknir hafa m.a. bent til þess að íbúar sem búa sem næst hringiðu ferðamenskunnar á tilteknum stað geti fundið meira fyrir áhrifum vegna hennar en þeir sem búa fjær (sjá t.d. Deery o.fl., 2012).

þátttöku. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt kröfum um trúnað og nafnleynd. Ekki var unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Rýnihópaviðtölin fóru fram dagana 22., 23. og 25. mars 2021 og tóku hvert um 60 mínútur. Vegna kórónuveirufaraldursins fóru viðtölin fram gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Haft var samband við 20 einstaklinga sem allir samþykktu þátttöku en þrír forfölluðust á síðustu stundu. Í tveimur hópum voru sex þátttakendur og fimm í þeim þriðja, alls 17 (10 konur og 7 karlar). Einn þátttakandi bjó í miðbæ Akureyrar, átta á Neðri-Brekku neðan Mýrarvegs, þrír í Innbæ, tveir á Oddeyri og þrír á Efri-Brekku ofan Mýrarvegs. Flestir (15) sögðust ekki starfa við ferðaþjónustu, einn einstaklingur hafði leigt íbúð til ferðamanna og annar starfaði hjá fyrirtæki sem þjónustaði ferðaþjónustufyrirtæki. Þrír einstaklingar áttu maka eða nána ættingja sem höfðu unnið í ferðaþjónustu til skemmri eða lengri tíma. Sjö þátttakendur sögðust búa í nágrenni við gistiheimili, íbúðir í skammtímaleigu til ferðamanna og/eða íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga sem höfðu ekki fasta búsetu á Akureyri. Tveir sérfræðingar RHA framkvæmdu hópviðtölin og skiluðu samantekt til RMF. Í umfjöllun um rýnihópa í niðurstöðuköflum þessarar skýrslu eru beinar tilvitnanir í orð viðmælenda skáletraðar og merktar númeri viðmælenda og bókstafnum A, sem vísar til Akureyrar.

Vefkönnun

Markmið vefkönnunar var að fá gott yfirlit yfir viðhorf íbúa á Akureyri til uppbyggingar ferðaþjónustu, ánægju með vetrarferðaþjónustu og væntingar um ferðaþjónustu í framtíðinni. Í spurningalistanum (viðauki 1) voru 27 spurningar



með fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til. Auk þess voru fimm opnar spurningar þar sem svarendur komu á framfæri í eigin orðum hugmyndum um jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðamenskunnar, hvert helsta aðdráttarafli Akureyrar væri að þeirra mati, hvaða tækifæri á sviði útivistar og afþreyingar þeir hefðu nýtt sér og hverju þeir hafi þurft að breyta eftir að ferðamönnum fjölgaði á svæðinu. Í spurningalistanum voru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búseta eftir hverfum á Akureyri, búsetulengd á Akureyri í póstnúmeri, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðaþjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu.

Könnunin var send út á úrtak einstaklinga úr álitsgjafahópi RHA⁴ 18 ára og eldri með búsetu í póstnúmerunum 600 og 603 Akureyri. Könnunin var send út þann 17. maí 2021 og var opin til 8. júní. Á tímabilinu voru þrjár ítrekanir voru sendar í tölvupósti til að tryggja svörun. Könnunin var send á 1044 virk netföng og bárust 468 svör, svarhlutfall 44,8%.

Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir bakgrunn svarenda vefkönnunarinnar. Tekið skal fram að í nokkrum tilfellum hafa svarflokkar verið sameinaðir. Helst er þó að nefna tvo bakgrunnspætti. Við greiningu á bakgrunnspættinum *Búsetu svarenda á Akureyri* voru svarflokkar sameinaðir á eftirfarandi hátt:

- 600 Akureyri: Nausta- og Hagahverfi; Efri-Brekka ofan Mýrarvegs
- Miðbær: Neðri-Brekka neðan Mýrarvegs, Innbær, Oddeyri, Miðbær
- 603 Akureyri: Giljahverfi, Síðuhverfi, Hlíða- og Holtahverfi, önnur hverfi

Við greiningu á bakgrunnspættinum *Staða á vinnumarkaði* voru svarflokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í námi, Á eftirlaunum, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir. Var þetta gert vegna þess að fá svör voru á bak við einstakar breytur.

Við úrvinnslu gagna úr vefkönnuninni var notast við gagnavinnsluforritið SPSS og Excel töflureikni. Marktektarpróf voru notuð til að meta hvort tölfræðilega

marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Kannað var hvort munur væri á svörum eftir kyni, aldri, búsetu á Akureyri (hverfi), stöðu á vinnumarkaði og hvort svarandi gat hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu. Í viðauka 3 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar í töflum sem sýna hlutföll svara mismunandi hópa.

Svör við opnum spurningum í vefkönnun, utan einnar, voru sett fram í sk. orðaskýjum (e. *word cloud*). Orðaskýin eru sköpuð úr orðum svarenda og draga fram vægi þeirra orða sem koma fram í svörunum. Í einu tilfelli, þar sem svarendur voru beðnir um að lýsa hverju þeir hafi þurft að breyta eftir að ferðamönnum fjölgaði á svæðinu, voru niðurstöður settar fram í töflu.

RHA sá um framkvæmd könnunar og tölfræðilega úrvinnslu en myndvinnsla og úrvinnsla úr opnum spurningum var í höndum RMF. Niðurstöður könnunarinnar eru eftir atvikum samanburðarhæfar við fyrri kannanir á viðhorfum heimamanna á landsvísu og á einstökum svæðum sem RMF hefur unnið. Í niðurstöðukafla er gerður samanburður eftir því sem við á.

⁴ Í álitsgjafahópi RHA eru einstaklingar sem hafa samþykkt að fá sendar kannanir á vegum RHA í tölvupósti sem svarað er á netinu.



NIÐURSTÖÐUR

Upplifun Akureyringa af ferðapjónustu og ferðamönnum á veturna

Viðmælendur í rýnihópunum voru sammála um að ferðamennska á Akureyri hefði eflst á undanförunum árum og að hægt væri að sjá ferðamenn í bænum flestalla daga ársins.

Ef maður mínusar [skemmtiferða]skipin frá þá finnst mér erfiðara að benda á eitthvað hvenær einhver ferðamannatími er að hætta. (A13)

Viðmælendur töldu að erlendum ferðamönnum hefði á árunum fyrir kórónuveirufaraldurinn smám saman farið fjölgandi á vetrarmánuðum. Þeir voru þess vissir að meira væri um innlenda ferðamenn en erlenda á veturna – sérstaklega í faraldrinum – og miðuðu umræðuna að mestu við innlenda ferðamenn. Viðmælendur urðu mismikið varir við ferðamenn í bænum á veturna og virtist einu gilda hvar í bænum þeir bjuggu. Sumir sögðust ekki sjá ferðamenn á veturna, aðrir sáu þá helst þegar þeir áttu leið um bæinn. Helst væri að sjá ferðamenn á göngu um bæinn, í kringum gististaði, veitingastaði og verslanir í miðbænum, á Neðri-Brekku og í Innbænum. Þó hafði aðeins hluti þeirra sem bjuggu í þessum þremur hverfum tekið eftir ferðamönnum á veturna.

Það er nú bara mikið af þeim á ferli hér í mínu hverfi [Neðri-Brekku]. (A8)

Sérstaklega í ljósi þess hvar ég bý [Innbæ], þeir [ferðamenn] hverfa yfir veturinn. (A2)

Viðmælendur töldu að vetrarferðamennska væri mikið bundin við helgar og helgidaga en hún væri breytileg eftir mánuðum. Þannig hafi í október t.d. gjarnan mátt sjá vinkonu- og vinahópa gera sér glaðan dag í tengslum við Dekurdaga. Um helgar og í vetrarfríum skólanna sjáist oft fleira fólk og hópar í kringum íþróttaviðburði og aðra viðburði í bænum. Annars var oftast talað um að innlendir ferðamenn kæmu norður til að stunda útivist eða fyrir menningarviðburði.

Almenn útivist hvort sem það er tengt skíðum, hestamennsku eða menningarviðburðum. (A12)


Viðmælendur höfðu á tilfinningunni að fjöldi ferðamanna aukist seinni hluta vetrar. Þá snúist ferðamennskan mikið um útivist og skíðaiðkun í Hlíðarfjalli og Kjarnaskógi og að algengt væri að ferðamenn sem fari á skíði fari í sund á eftir. Að mati svarenda vefkönnunar trónuðu Hlíðarfjall, Kjarnaskógur, sundlaugin og leikhús efst á lista yfir helsta aðdráttarafi Akureyrar (mynd 6).



Mynd 6 Helsta aðdráttarafi Akureyrar á veturna að mati Akureyringa – svör við opinni spurningu í vefkönnun




Í vefkönnun sögðu um 6 af hverjum 10 Akureyringum að ferðamenn á Akureyri hefðu verið heldur eða allt of fáir yfir veturinn sem var að líða (mynd 7). Um 3 af hverjum 10 sögðu að ferðamannafjöldinn hefði verið hæfilegur og 1 af hverjum 10 Akureyringum var á því að ferðamenn hefðu verið allt of eða heldur margir. Karlar voru líklegri en konur til að telja ferðamenn vera heldur eða of fáa á veturna. Sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur og svarendur sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru frekar á því að ferðamenn hefðu verið heldur eða of fáir. Fólki á aldrinum 18-44 ára var líklegra en þeir eldri til að finna fjöldinn hafa verið hæfilegur. Á mynd 7 má sjá þróun í viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna á landsvísu og á Norðurlandi. Á landsvísu hefur hlutfall íbúa sem telur fjölda



Mynd 7 Viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna á veturna 2014-2021 - Gögn úr könnunum á viðhorfum Íslendinga 2014, 2017 og 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020) og spurningavagn RHA í Eyjafirði 2017 og 2018 (RHA, 2017; 2018)

ferðamanna hæfilegan á veturna hækkað rólega frá 2014-2019. Norðlendingar voru líklegri en aðrir landsmenn til að segja fjölda ferðamanna of lítinn á veturna og áttu engar breytingar sér stað milli kannana. Ef svörin núna eru borin saman við niðurstöður samskonar spurningar um viðhorf Akureyringa til fjölda ferðamanna á veturna árið 2017 virðist lítil hreyfing hafa átt sér stað í viðhorfum til fjöldans en munurinn 2018 virðist vera ívið meiri. Þá var spurt um viðhorf til fjölda erlendra ferðamanna en í spurningunni 2021 var spurt um bæði innlenda og erlenda ferðamenn.

Rýnihóparnir töluðu um að veturinn 2020-2021 hefði að sumu leyti verið ólíkur vetrinum á undan. COVID-19-faraldurinn hefði augljóslega dregið mjög úr komum erlendra ferðamanna en áhrifin hafi verið þveröfug á komur innlendra ferðamanna. Sumir töluðu um að munurinn hefði verið talsvert meiri yfir sumarið en yfir veturinn þar sem erlendir ferðamenn hafi ætíð verið meira áberandi á Akureyri á sumrin en veturna. Erlendir ferðamenn sáust mun sjaldnar en áður og töldu sumir að þeir hefðu horfið alveg. Töldu sumir viðmælendur um að það hefði verið viss eftirsjá af erlendu ferðamönnum og það viðhorf endurspegladist einnig í svörum við vefkönnunni en meirihluta svarenda var á því að það væri slæmt að erlendum ferðamönnum hefði fækkað á svæðinu (mynd 8).




Mynd 8 Upplifun Akureyringa af ferðamönnum á tímum COVID-19




Um 70% svarenda vefkönnunar voru á því að íslenskir ferðamenn hefðu verið meira áberandi á svæðinu en oft áður (mynd 8).

Um 92% Akureyringa sögðu í vefkönnun að ferðaþjónusta yfir vetrartímann væri mjög eða frekar mikilvæg fyrir samfélagið (mynd 9). Mat á mikilvægi ferðaþjónustu hækkaði marktækt með hækkingu áldri einstaklinga og lengri búsetu. Jafnframt voru svarendur sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegri en aðrir til að telja



Mynd 10 Viðhorf Akureyringa til vetrarferðaþjónustu



Mynd 9 Mælikvarðar fyrir ánægju Akureyringa með ferðaþjónustu yfir vetrartímann og mat þeirra á mikilvægi hennar

ferðaþjónustuna vera mjög mikilvæga fyrir samfélagið. Um 60% Akureyringa sögðust vera ánægðir með ferðaþjónustuna í bænum yfir vetrinn en tæplega 40% sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir. Ánægja var mest meðal einstaklinga sem höfðu búið í bænum í meira en 30 ár og meðal þeirra sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu. Sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur og svarendur á aldrinum 18-44 ára voru marktækt líklegri en aðrir hópar til að vera hlutlausir í afstöðu. Viðmælendur voru sammála um á því að vetrarferðamennska væri mikilvæg og töluðu um að úrval þjónustu, verslunar og afþreyingar hefði aukist og opnunartímar lengst auk þess sem atvinnulífið hefði orðið fjölbreyttara. Staðir sem áður höfðu staðið (hálf)tómir hluta úr ári höfðu fengið nýtt líf með tilkomu fleiri erlendra og innlendra ferðamanna.

Klárlega, þetta er stór þáttur og maður sér mikinn mun horfandi 10-20 ár aftur í tímann, þetta er orðinn mun stærri partur af bæjarmyndinni. (A10)

Eining var meðal svarenda vefkönnunar og í rýnihópum um að Akureyri hefði orðið líflegri á veturna. Í vefkönnun sögðu 86% svarenda ferðamenn glæða Akureyri lífi á veturna (mynd 10). Viðmælendur lýstu ánægju sinni með léttari, líflegri og



skemmtilegri stemmingu í bænum eftir að eftir að ferðamenn tóku að koma þangað í auknum mæli yfir veturinn.

Það kemur svona liflegri stemming í bæinn og eins og á veturna eins og með skíðafólkið og svona, það er þínu svona frjálslægri stemming líka. Maður mætir fólki í skíðagallanum niður í bæ eða í Bónus. (A4)

Það er skemmtilegra bara að koma þangað [í miðbæinn] þegar er slatti af fólki frekar en allt er mannaútt og napurt. (A7)

Skiptar skoðanir voru á því hvort Akureyri gæti tekið við fleiri ferðamönnum yfir veturinn miðað við núverandi aðstaðu (mynd 10). Um 42% svarenda netkönnunar voru á því að rými væri fyrir fleiri ferðamenn en 23% svarenda voru því ósammála. Konur voru líklegri en karlar til að vera á því að bærin geti ekki tekið við fleiri ferðamönnum. Nær allir svarendur netkönnunarinnar (92%) töldu að Akureyri væri eftirsóknarverður áfangastaður ferðamanna. Viðmælendur voru sammála um að Akureyri hefði margt fram að færa sem áfangastaður ferðamanna og fjölmargir afþreyingarmöguleikar væru í boði. Viðmælendum var tíðrætt um möguleikana á svæðinu til útivistar og vetraríþróttaiðkunar en jafnframt væri menningarlífið öflugt og úrval veitingastaða orðið fjölbreyttara. Um 40% svarenda netkönnunar voru sammála fullyrðingu um að vetrarferðþjónustan hefði skapað tækifæri fyrir þá til útivistar og afþreyingar á svæðinu en nærri jafnhátt hlutfall svarenda (43%) tók hvorki afstöðu með né á móti fullyrðingunni. Svarendur á aldrinum 18-44 ára og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðþjónustu voru ólíklegustu hóparnir til að taka afstöðu. Þeir sem voru sammála fullyrðingunni voru með opinni spurningu beðnir um að gefa dæmi um ný tækifæri á sviði útivistar og afþreyingar sem þeir höfðu nýtt sér. Á mynd 11 sést að s.s. skíðaiðkun í Hlíðarfjalli og gönguskíðaleiðir/brautir víðsvegar í bæjarlandinu og fram í Eyjafjarðarsveit voru þau atriði sem einna helst voru nefnd.

Tæp 40% svarenda voru ósammála því að aðstaða til vetrarafþreyingar á svæðinu taki meira mið af ferðamönnum en íbúum (mynd 10). Um 43% svarenda voru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Svarendur 18-44 ára voru líklegri en eldri svarendur til að vera á því að aðstaðan taki meira mið af ferðamönnum en íbúum. Flestir íbúar virðast því hvorki telja vetrarferðamennsku koma í veg fyrir þátttöku þeirra í vetrarafþreyingu á svæðinu né álíta að bein tengsl séu milli framboðs vetrarafþreyingar og ferðamennsku. Það þýðir þó ekki að Akureyringar



Mynd 11 Ný tækifæri á sviði útivistar og afþreyingar sem Akureyringar höfðu nýtt sér – svör við opinri spurningu í netkönnun

hafi ekki þurft að hliðra til þegar notendum afþreyingar og þjónustu fjölgar tímabundið þegar fjölmennt er í bænum. Einn af hverjum fimm kvaðst hafa þurft að breyta út af hefðbundnum lífsvenjum eftir að ferðamönnum fjölgaði í bænum á veturna. Með lífsvenjum var átt við hegðun eða venjur sem eru dæmigerðar fyrir viðkomandi einstakling s.s. fara í sund, verslanir, veitingastaði, hvaða leiðir eru farnar/keyrðar um bæinn o.s.frv. Konur og einstaklingar á aldrinum 18-44 ára voru líklegri en aðrir hópar til að hafa breytt út af vananum vegna ferðamanna. Einstaklingar sem gátu hugsað sér starf í ferðþjónustu sögðu síður en aðrir að þeir hefðu þurft að gera einhverjar breytingar. Þeir svarendur sem voru sammála fullyrðingunni (19% svarenda) voru spurðir hvort þeir væru sáttrir að breyta út af



venjum. Kvaðst um helmingur svarenda hvorki sáttur né ósáttur við að gera slíkar breytingar en um þriðjungur sagðist vera ósáttur við slíkt. Þeir voru einnig spurðir hverju þeir hefðu helst þurft að breyta. Um opna spurningu var að ræða og gátu svarendur tiltekið 1-3 atriði. Nokkur þessara svara koma fram hér fyrir neðan en heildarlista svara má sjá í viðauka 4. Af þeim er ljóst að takmarkanir vegna COVID-19-faraldursins hafa sett strik í reikninginn hjá sumum þeirra sem sögðust hafa þurft að gera breytingar.

HVERJU HAFI AKUREYRINGAR HELST ÞURFT AÐ BREYTA?

NOKKUR SVÖR VIÐ OPINNI SPURNINGU Í NETKÖNNUN

- ❖ Fer sjaldnar í sund um helgar.
- ❖ Velja að fara á skíði þegar minni traffík er í fjallinu og fara í sund þegar sundlaugin er ekki troðin af fólki.
- ❖ Panta með meiri fyrirvara á veitingastöðum og jafnvel fá ekki borð. Erfiðara fyrir hópa að hittast í happy hour.
- ❖ Sundlaugar/leikvellir/kaffihús full þegar haldin eru stór íþróttamót. Þá er eins gott að halda sig í burtu.
- ❖ Hvaða leið ég fer í vinnuna og hvar ég borða.
- ❖ Allt fullt í Hlíðarfjalli og ekki hægt að fara þar á skíði. Allt uppbókað á veitingastöðum vegna Sunnlendinga í vetrarfríi hér. Takmarkanir vegna COVID.
- ❖ Með tilliti til COVID og takmarkana, annars ekki.

Sjá nánar í viðauka 4

Svör rýnihópanna voru af sama meiði og meðal svarenda netkönnunarinnar. Talað var um að stundum komi álagspunktur þegar mikill fjöldi ferðafólks er í bænum á veturna. Þrátt fyrir það taldi hluti viðmælenda sig ekki hafa þurft að gera breytingar á sínum daglegu venjum vegna ferðamanna, sögðust lítið fara út að borða og stunduðu ekki skíði. Þeir viðmælendur sem höfðu meðvitað breytt út af vananum vegna ferðamanna sögðust helst forðast ákveðna staði ef þeir hefðu grun um að mikið yrði um ferðamenn á álagstímum. Dæmi um slíka staði voru Hlíðarfjall, sundlaugarnar eða aðrir staðir þar sem vitað var að ferðamenn gætu safnast saman vegna stórra viðburða í bænum. Auk þess geti verið erfitt að komast að á veitingastöðum um helgar eða þegar biðröðin í vinsælum matsölustöðum/bakaríum verði mjög löng.

Það gerist eiginlega bara sjálfkrafa, maður forðast kaffihús, veitingastaði og já og sundlaugina, þá veit maður bara að það er troðfullt af fólki. (A5)

Minnst var á að íbúar reyndu frekar að fara á þessa staði utan álagstíma s.s. á virkum dögum. Tveir viðmælendur höfðu spurnir af íbúum sem yrðu pirraðir vegna mikils fjölda ferðamanna um stórar ferðahelgar þegar allt fyllist í sundi, langar biðraðir í Hlíðarfjalli o.fl.

Fólk sem býr hér og vill njóta gæða Akureyrar það er stundum ansi erfitt þegar bærinn er fullur af túristum ... þetta er það sem maður heyrir aðra segja. (A13)

Flestir vildu þó ekki meina að þeir hefðu sjálfir orðið fyrir óþægindum vegna ferðamanna í bænum.



Nær allir svarendur netkönnunarinnar, eða 83%, voru á því að samfélagið njóti góðs af ferðapjónustunni. Jafnframt sögðust langflestir (78%) vera sáttir við að samfélagið tæki einhverjum breytingum vegna ferðapjónustu (mynd 13). Jákvæðustu hóparnir við báðum þessum atriðum voru svarendur sem gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu og íbúar sem höfðu búið á Akureyri lengur en 30 ár.

Mengun af skemmtiferðaskipum, mengun, sóðaskapur, Airbnb og Bíladagar er meðal þeirra atriða sem stóðu upp úr í svörum Akureyringa við því hvað væri neikvæðast við ferðapjónustuna. Alls voru nefnd um 320 atriði sem koma fram í orðskýlinu á mynd 14. Viðmælendur í rýnihópunum sögðust sjá fátt neikvætt við ferðapjónustuna. Einkum töluðu þeir þó um að þegar margt er í bænum á veturna geti verið erfitt að komast að s.s. í bakaríum, í sundi, á veitingastöðum og í skiðalyfturnar í Hlíðarfjalli. Jafnframt var talað um að aukinn fjöldi gistirýma ferðamanna í sumum hverfum, þ.á.m. í Innbænum væri ekki góð þróun. Skiptar skoðanir voru á því hvort jákvætt væri að Akureyringar geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna (mynd 13) en svarendur sem gátu hugsað sér að starfa í ferðapjónustu voru jákvæðastir gagnvart slíku. Þeir þátttakendur rýnihópanna, sem bjuggu í nágrenni við orlofsíbúðir eða íbúðir sem þeir vissu að ekki væru notaðar til fastrar búsetu, sögðust ekki hafa upplifað ónæði vegna skammtímadvalar fólks í íbúðunum.

Það þýðir að það er afskaplega lítið líf í þessum húsum svona fyrir utan kannski nokkrar eða stöku helgar. (A5)

Þeim þótti miður að í þessum íbúðum væri ekki föst búseta og að þar væri ekki lengur líf nema þegar fólk væri þar í frii. Andinn í kringum þessi hús væri annar. Þetta hefði m.a. áhrif á börn sem þurfi þá að leita lengra eftir vinum og skólafélögum. Hins vegar var talið að í mörgum tilfellum væri þessum húsum vel við haldið og að mörg þeirra hefðu verið gerð vel upp.



Mynd 14 Neikvæðustu þættir ferðapjónustunnar á Akureyri - svör við opinni spurningu í netkönnun




Upplifun Akureyringa af ferðapjónustu í heimsfaraldri

Að mati rýnihópanna var stærsta breytingin vegna COVID-19-faraldursins að erlendir ferðamenn hefðu horfið nær alveg úr bæjarmyndinni. Rétt um tveimur af hverjum þremur svarendum netkönnunarinnar þótti Akureyri hafa verið dauflegri en áður vegna fækkunar ferðamanna (mynd 15). Svarendur á aldrinum 18-44 ára og þeir sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru síður á því en aðrir að Akureyri hafi verið dauflegri vegna brotthvarfs ferðamanna. Sumir viðmælendur í rýnihópum sögðust hafa tekið eftir lokunum fyrirtækja í miðbænum, einkum gististaða. Töluðu þeir um að sumar íbúðir, sem áður voru í leigu til ferðamanna, hafi verið settar í langtímaleigu og að gistiheimili hafi lokað. Um 80% svarenda netkönnunarinnar voru á því að COVID-19-faraldurinn hafi sýnt fram á mikilvægi ferðapjónustunnar á svæðinu en 16% svarenda tók hvorki afstöðu með né á móti fullyrðingunni. Svarendur á aldrinum 18-44 ára og sjálfstætt starfandi/atvinnurekendur tóku síður afstöðu en aðrir hópar. Um 25% svarenda netkönnunar kvaðst hafa orðið fyrir skertri þjónustu á svæðinu vegna fækkunar ferðamanna. Rúmlega 40% höfðu ekki orðið fyrir skerðingu á þjónustu og um 30% svarenda tók ekki afstöðu. Konur og svarendur sem ekki gátu hugsað sér starf í ferðapjónustu voru síður á því en karlar að hafa fundið fyrir þjónustuskerðingu. Viðmælendur í rýnihópunum töluðu um að sum fyrirtæki hefðu þurft að loka um lengri eða skemmri tíma vegna faraldursins. Slíkar lokanir hefðu verið neikvæð afleiðing faraldursins sem hefði bitnað bæði á íbúum og ferðafólki að ógleymdum rekstraraðilum og starfsfólki.

Maður hefur heyrt marga kvarta í COVID-19 hvað viðskiptin hafa minnkað mikið [á veitingahúsum] og hvað þetta skiptir miklu máli og fullt af nemendum sem fá ekki vinnu í sumar vegna þess það vantar ferðamennina. (A9)

Auk þess höfðu samkomu- og fjöldatakmörkanir þau áhrif að færri gestir komust að í sundlaugum og veitingahúsum. Takmarkanirnar hafi einnig riðlað menningarviðburðum og kváðust viðmælendur hafa fundið fyrir því að um tíma hafi almennt lítið verið um að vera í bænum vegna lokana. Í hvert sinn sem sóttvarnareglur voru rýmkaðar sögðust sumir viðmælendur hafa tekið eftir því að umferð einkabíla hafi aukist í bænum. Samhliða því hafi innlendum ferðamönnum fjölgað þegar ferðatakmörkanir milli landshluta voru ekki í gildi og jafnframt orðið



Mynd 15 Upplifun af áhrifum af fækkun ferðamanna vegna COVID-19-faraldursins

erfiðara fyrir íbúa að komast að. Tveir viðmælendur bentu á að faraldurinn hefði líka haft jákvæð áhrif fyrir íbúa og mögulega líka ferðamenn. Ný tækifæri hafi orðið til fyrir fólk til að njóta þess sem svæðið býður upp á. Framboð á ýmiss konar námskeiðum hefði aukist í faraldrinum s.s. gönguskíða-, fjallaskíða- og jafnvel leiklistarnámskeiðum.


Við erum að uppgötva að við getum gert mikið meira, við getum boðið uppá mikið meira af hlutum sem er spennandi eins og fjallaskíði, gönguskíði og hlaupahelgar. (A10)

Talað var um að í faraldrinum hafi íbúar hafi leitað meira inn á við og verið duglegri að njóta þess sem boðið var upp á í heimabyggðinni.



Framtíðarsýn Akureyringa um ferðamennsku

Meirihluti svarenda netkönnunar var fylgjandi frekari markaðssetningu Akureyrar til að laða að ferðamenn eins og sést á mynd 16. Með hækkandi aldri svarenda og lengri búsetu jókst stuðningur við frekari markaðssetningu. Einnig voru karlar og svarendur sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu líklegir til að vera fylgjandi frekari markaðssetningu. Þá var meirihluti svarenda á því að það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn til Akureyrar á veturna en karlar, fólk sem gat hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu og svarendur 60 ára og eldri voru líklegustu hóparnir til að vera þessarar skoðunar. Svarendur voru frekar á því að vilja sjá fleiri innlenda ferðamenn á svæðinu heldur en fyrir faraldurinn en ekki var alveg einhugur um það hvort fólk vildi sjá fleiri erlenda ferðamenn en voru á Akureyri fyrir faraldurinn. Karlar og einstaklingar sem gátu hugsað sér ferðaþjónustustarf voru frekar á því en aðrir hópar að fjölga bæri erlendum ferðamönnum á svæðinu.



Mynd 16 Viðhorf Akureyringa til ferðamanna eftir heimsfaraldur

Talið var að að Akureyri gæti vel tekið á móti fleiri ferðamönnum yfir vetrartímenn. Þó vildu þátttakendur rýnihópanna að farið yrði varlega í sakirnar. Þeir höfðu ekki áhuga á því að sjá Akureyri verða að „algjörum túristastað“ (A13) og að framboð þjónustu væri mun meira miðað að erlendum ferðamönnum en þeim innlendu að ógleymdum íbúunum. Engu að síður voru viðmælendur á því að til þess að fjölga erlendum ferðamönnum á Akureyri væri millilandaflug til Akureyrar lykilatriði. Til þess að millilandaflugið gæti gengið var talið nauðsynlegt að skilgreina hvert aðráttarafl Akureyrar að vetri til eigi að vera. Rýnihóparnir voru á því að almennt ætti áhersla markaðssetningar á ímynd Akureyrar að snúast um að í bænum sé eitthvað fyrir alla. Þó voru sumir þátttakendur rýnihópanna á því að stundum væri eins og Akureyri hefði of marga hatta í einu:

Erum við skólabærinn Akureyri, norðurlóðabærinn Akureyri? Þú veist, hvað erum við? (A4)

Töldu hóparnir það mikilvægt að markaðssetning bæjarins væri heildræn sem næði líka til vetrarferðaþjónustunnar. Jafnframt var talið að samstarf um markaðssetningu og móttöku ferðamanna í Eyjafirði væri mikilvægt.

Það mætti horfa út fyrir sveitarfélagamörkin og setja upp pakka í samstarfi við nágrannasveitarfélög, Fara á skíði á Akureyri einn daginn, síðan næsta dag á Dalvík. (A4)

Einn hópur talaði um mikilvægi þess að halda ásýnd bæjarins á lofti en hún var talin hafa mikla sérstöðu.


Við eigum að halda í þá ímynd sem Akureyri hefur nú þegar og það er að vera fallegur bær sem hefur að geyma mörg, gömul og falleg hús. Það þarf að hlúa að þessari ímynd. (A11)





Mynd 18 Aukin áhersla á sjálfbærni

Í netkönnun sögðu langflestir svarendur (73%) að leggja ætti meiri áherslu á sjálfbærni en áður þegar ferðaþjónustan byggist upp að nýju eftir kórónuveirufaraldurinn (mynd 17). Umræða rýnihópanna snéri ekki að sjálfbærni en hins vegar voru hugmyndir um Akureyri sem grænan bær ræddar. Þátttakendur rýnihópanna voru ekki sammála um hvað það merkingu það hefði að vera grænn bær.



Mynd 17 Hugmyndir íbúa um tækifæri fyrir ferðaþjónustuna á Akureyri – hugarkort (e. mind map) af umræðum rýnihópanna


Í einum hópi var rætt um að loftgæði væru stundum slæm á Akureyri og:

Þess vegna er þínulítið hlægilegt þegar erlendir ferðamenn koma hingað til lands í hreinu náttúruna úr stórborg í Evrópu en eru kannski með margfalt lélegri loftgæði heldur en þeir eru vanir. (A7)

Hins vegar voru viðmælendur allir á því að til að hægt væri að tala um grænan bæ yrði að endurskipuleggja almenningssamgöngur og stækka leiðakerfi um bæinn svo þau næðu t.d. að flugvelliinum, upp í Hlíðarfjall og að Kjarnaskógi. Bent var á að samgönguinnviðirnir verði að geta nýst bæði íbúum og ferðamönnum. Jafnframt yrðu Akureyringar sjálfir að setja tóninn um hvernig umgengni þeir kjósi að hafa í bænum sínum – en fyrst þurfi að skilgreina hverju eigi að miðla.

Það hljómar vel að vera grænn bær en erum við grænn bær? Og er Akureyri eitthvað grænni en aðrir bæir á landinu? (A8)

Viðmælendur í rýnihópum höfðu fjölmargar hugmyndir um tækifæri í ferðaþjónustu á Akureyri. Á mynd 18 má sjá kortlagningu yfir hugmyndirnar en flestar þeirra tengdust nýngum og viðbótum í afþreyingu og þjónustu. Sumar




Þeirra höfðu margvíslegar innbyrðis tengingar. Ljóst var að vetraríþróttir og útivist væru burðarás í vetrarferðamenskunni á svæðinu og þótti mikilvægt að stoðir yrðu styrktar enn frekar. Talað var um skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sem þungamiðju vetrarferðamenskunnar og að Kjarnaskógur hefði mikið og vaxandi gildi fyrir útivist á veturna, jafnt fyrir bæði innlenda ferðamenn sem íbúa. Viðmælendur voru sammála um að umhverfið í bænum og nágrenni hans ætti að hvetja til hreyfingar og útivistar og væri það lýðheilsuþáttur. Þeir vildu að aðgengi að útivist yrði bætt enn frekar í tengslum við gönguskíðaiðkun, hjólríðar, hlaup og göngu á uppbyggðum stígum, brautum og utanvega, á láglendi og í fjöllum í kring. Jafnframt mætti merkja og stíka göngu- og hlaupaleiðir, gera leiðakort aðgengileg og útvíkka „stíganetið“ milli Akureyrar og nærliggjandi sveitarfélaga. Til að notagildi stíganna yrði sem mest væri mikilvægt að huga að bættri þjónustu varðandi snjósmokstur og sópun á stígum. Viðmælendur lýstu ánægju með stíginn sem lagður var milli Hrafnagilshverfis og Akureyrar fyrir fáum árum. Var talið að notagildi stíganna væri mikið; þeir væru m.a. hentugir fyrir hjólríðar allt árið og gönguskíði yfir veturna.

Það hefur sýnt sig að hjólastígurinn sem er kominn út á Hrafnagil er gríðarlega mikils virði útivistalega séð og það eru uppi áform um að tengja bæði Svalbarðseyri og jafnvel Þelamörk líka með svona stígum. (A7)

Bent var á að nýir viðburðir og/eða vetrarmót sem höfðuðu til hjólríðafólks gætu verið áhugaverð viðbót við þá íþróttaviðburði sem eru yfir veturna.

Í netkönnun kom fram að Akureyringar voru jákvæðir gagnvart fjölgunar útivistar- og afþreyingarmöguleika í bæjarlandinu jafnt fyrir ferðamenn og sem íbúa (mynd 19). Svarendur sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu voru líklegastir til að fara vera fylgjandi fjölgun slíkra möguleika.



Mynd 19 Viðhorf Akureyringa til fjölgunar útivistar- og afþreyingarmöguleika í bæjarlandinu

Viðmælendur töluðu um áherslu á frekari afþreyingu fyrir börn og fjölskyldur en margt af því tengdist líka útivist, þar á meðal hugmyndunum sem komu fram hér að ofan. Til viðbótar var stungið upp á sjósporti sem gæti hentað fyrir bæði fullorðna og börn en auk þess væru ýmsir möguleikar á borð við náttúrufræðslu, eflingu fjölskyldudagskrár á Minjasafni Akureyrar og sunnudagsgöngur hjá Ferðafélagi Akureyrar. Skautahöllin var nefnd sem mögulegur valkostur fyrir barnafjölskyldur en talið var líklegt að lengja þyrfti opnunartímann. Þá voru nýjar hugmyndir viðraðar s.s. trampólíngarður, keiluhöll og að Akureyrabær byði upp á gestakort (e. *city card*) fyrir fjölskyldur og ferðamenn sem veitti aðgang að m.a. söfnum og sundlaugum á svæðinu.

Viðmælendum þótti menningarstarfsemin í bænum mikilvæg fyrir ferðaþjónustu og töldu tækifæri fyrir hendi í viðburðahaldi á veturna sem myndi höfða til ferðamanna á svæðinu.



Ekki má gleyma menningarstarfseminni sem við erum með hérna og er mjög mikilvæg og ættum að vera duglegri að markaðssetja sem ferðabjónustu ... við erum með sinfóníuhljómsveit, leikhús og listasafn (A5)

Viðmælendur voru á því að menningarviðburðir ættu góða samleið með öðrum viðburðum á veturna í bænum og að menningarviðburðir ættu að vera hluti af markaðssetningu Akureyrar. Þeir voru sérstaklega ánægðir með tónleikastaðinn Græna hattinn og með leikfélagið sem hefði verið með öflugar barnasýningar á hverju ári á sama tíma og bærinn væri fullur af fólki.

Bent var á að nauðsynlegt væri að hafa eitthvað í boði fyrir ferðamenn þegar veðurskilyrði til útivistar á svæðinu væru slæm. Viðmælendur vildu ekki að ferðamenn lendi í vandræðum með hvað þeir geti gert á svæðinu t.d. ef skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er lokað. Auk þess væri nauðsynlegt að huga að samstillingu opnunartíma mismunandi stofnana og fyrirtækja í bænum út frá þörfum ferðamanna sem ættu ekki að koma að lokuðum dyrum.

Það mætti hafa opið eitthvað á sunnudögum ... Allir [eru] að koma í fjallið á föstudögum og laugardögum og ætla síðan að gera eitthvað á sunnudögum og þá eru allar búðir lokaðar. (A6)

Viðmælendum fannst að lengja mætti þjónustutíma sundlaugarinnar, safna, Hlíðarfjalls og fleiri staða til að dreifa álaginu og koma í veg fyrir að staðir yfirfyllist. Talað var um að lenging helgaropnunartíma Sundlaugar Akureyrar fyrir fáum árum hefði gefið góða raun fyrir bæði íbúa og ferðamenn og dregið úr álagi. Þó bentu viðmælendur á að nauðsynlegt væri að efla þjónustu á sundstöðum enn frekar og gera upplýsingar um opnunartíma annarra sundlauga á svæðinu ennþá sýnilegri. Þá vonuðu viðmælendur að nýr baðstaður, Skógarböðin, yrðu ekki aðeins lyftistöng fyrir svæðið heldur myndi mögulega létta á álaginu á sundstöðum.

Viðmælendur undirstrikuðu nauðsyn þess að auglýsa vel þá þjónustu og afþreyingu sem væri í boði fyrir ferðamenn og að aðgengi að réttum upplýsingum væri gott allt árið. Sumir þeirra þekktu dæmi þess að bæði innlendir og erlendir ferðamenn hefðu farið erindisleysu vegna engra eða misvísandi upplýsinga. Í einum rýnihópi furðuðu viðmælendur sig á því að upplýsingamiðstöð ferðamanna í Hofi hefði verið lokað og þótti ekki nógu ljóst hvert vísa mætti ferðamönnum á upplýsingar annars

staðar en á netinu. Vísað var til ákvörðunar bæjaryfirvalda á Akureyri um að loka upplýsingamiðstöð ferðamanna 2021 eftir að Ferðamálastofa hætti stuðningi við rekstur opinberra upplýsingamiðstöðva á landinu (Þröstur Ernir Viðarsson, 2021).



SAMANTEKT

Eins og fram kom í upphafi skýrslunnar er markmið rannsóknarinnar að kanna hvernig Akureyringar upplifa sína heimabyggð sem vetraráfangastað og fá innsýn í áherslur þeirra um uppbyggingu ferðaþjónustu, skipulagningu og stýringu hennar til framtíðar. Í þessum lokakafli skýrslunnar eru helstu niðurstöður teknar saman.

Vetrarferðaþjónusta hefur um langt skeið verið ein af helstu áherslum í uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðurlandi m.a. til að draga úr árstíðasveiflu og gera ferðaþjónustu að ábatasamri atvinnugrein allt árið. Landshlutinn hefur þótt áhugaverður til vetrarferða meðal innlendra ferðamanna. Á Akureyri hafa innlendir ferðamenn lengi verið mikilvægur hópur fyrir ferðaþjónustuna og hefur markaðs- og kynningarstarf bæjarins að mestu beinst að innlendum ferðamönnum. Akureyrarbær stefnir að því að vera einn eftirsóttasti ferðamannabær landsins (Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030). Í skýrslunni voru dregnar saman helstu gögn um innlenda og erlenda ferðamenn á Akureyri og sýna þær að fjöldinn og umfangið er sennilega meira en tölurnar gefa til kynna. Í gögnunum má þó finna vísbendingar um að síðasta áratug hafi dregið úr árstíðasveiflu. Til að mynda hefur hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna á sumrin hefur lækkað jafnt og þétt en á móti hafa „axlirnar“ á vori og hausti breikkað. Gistinætur Íslendinga hafa verið mun færri en gistinætur útlendinga fyrir utan árið 2020 þegar fjöldi erlendra ferðamanna dróst saman um 76% milli ára (Ferðamálastofa 2021b). Engu að síður hefur fjöldi gistinátta innlendra ferðamanna verið stöðugur á tímabilinu janúar-apríl ár hvert, 5-6000 gistinætur í hverjum mánuði (Hagstofa Íslands, e.d.).

Í ferðamálastefnu Akureyrarbæjar 2016-2026 koma fram væntingar um að samfélagið eigi að njóta góðs af ferðaþjónustunni. Framtíðarsýn stefnunnar er að bærinn verði vistvænn og grænn heilsárs áfangastaður sem býður fjölbreytta upplifun og góða þjónustu. Í rannsókninni kom fram að íbúar telja Akureyri vera eftirsóknarverðan áfanga- og viðkomustað ferðamanna allan ársins hring.

Fyrir kórónuveirufaraldurinn var vetrarferðamennskan að eflast. Sífelld algengara var að sjá erlenda ferðamenn í bænum á veturna og var talið að ferðamönnum hefði fjölgað er leið á veturinn. Innlendir ferðamenn höfðu einnig verið áberandi í

bænum, oftast um helgar eða í vetrarfríum skólanna, aðallega vegna skíðaiðkunar, útivistar, eða íþróttaviðburða. Talið var að aðalaðdráttarafli Akureyrar að vetrarlagi væri Hlíðarfjall, Kjarnaskógur, sundlaugin og leikhúsin á svæðinu.

Meirihluti vefkönnunar taldi vetrarferðaþjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Í rýnihópum og vefkönnun var eining um að vegna ferðamennanna hefði bærinn orðið líflægri og lýstu þátttakendur rýnihópanna léttari stemmingu í bænum. Mikil ánægja var með framboð afþreyingar yfir veturinn á svæðinu. Talið var að möguleikar til útivistar og vetraríþróttaiðkunar á svæðinu, öflugt menningarlíf og breitt úrval veitingastaða tengdust ferðaþjónustunni sterkum böndum. Ekki var talið að aðstaða til vetrarafþreyingar tæki meira mið af ferðamönnum en íbúum eða að ferðamenn komi í veg fyrir þátttöku íbúa í vetrarafþreyingu á svæðinu. Þó var greinilegt í svörum Akureyringa í vefkönnun og rýnihópum að stundum komi álagspunktur og dæmi um að íbúar hafi tímabundið þurft að breyta út af daglegum venjum þegar mikill fjöldi ferðafólks er í bænum og notendur afþreyingar og þjónustu mun fleiri en vanalega. Um einn af hverjum fimm svarendum vefkönnunnar kvaðst hafa þurft að breyta út af hefðbundnum lífsvenjum eftir að ferðamönnum fjölgaði í bænum á veturna. Þátttakendur rýnihópanna vissu vel að bið eftir þjónustu gæti lengst á álagstímum og forðuðust sumir ákveðna staði ef þeir höfðu grun um að mikið yrði um ferðamenn. Óskað var eftir því að þjónustutímar yrðu lengdir til að dreifa álagi og koma í veg fyrir að staðir yfirfyllist. Ánægja var með lengdan opnunartíma Sundlaugar Akureyrar um helgar sem hefði gefið góða raun fyrir ferðamenn og íbúa og dregið úr álagi.

Að mati íbúa var stærsta breytingin í kórónuveirufaraldurinn að erlendir ferðamenn hurfu nær alveg úr bæjarmyndinni og fyrir vikið var bærinn dauflegri. Vegna samkomu- og fjöldatakmakana riðluðust margir viðburðir, færri komust að í sundlaugum og veitingahúsum og þjónustuframboð dróst saman. Engu að síður héldu innlendir ferðamenn áfram að koma norður þegar ekki voru neinar takmarkanir á ferðalögum milli landshluta og um tíma var enn erfiðara fyrir íbúa að komast að en vanalega. Innlendir ferðamenn reyndust því vera mikilvægir fyrir ferðaþjónustuna þegar á reyndi í faraldurinn.



Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að Akureyringar líta björtum augum á framtíð ferðamennsku og telja að bærinn gæti vel tekið á móti fleiri ferðamönnum yfir vetrartímann. Meirihluti svarenda vefkönnunar var fylgjandi frekari markaðssetningu bæjarins til að laða að fleiri ferðamenn. Þátttakendur rýnihópanna voru þessu sammála en lögðu áherslu á heilðræna markaðssetningu um að Akureyri væri fallegur bær sem hefði eitthvað fyrir alla. Hugmyndir um Akureyri sem grænan bæ þóttu hins vegar hafa óljósa merkingu og var efast um að slík áhersla aðgreindi bæinn frá öðrum stöðum á landinu.

Að mati rýnihópanna voru útivist og vetraríþróttir burðarás vetrarferðamennsku á svæðinu og þótti mikilvægt að þær stöðir yrðu styrktar enn frekar. Eining var um að umhverfið í bænum og nágrenni hans ætti að hvetja til útivistar og hreyfingar. Í vefkönnun kom fram að jákvæðni gagnvart fjölgun útivistar- og afþreyingarmöguleika í bæjarlandinu jafnt fyrir íbúa sem ferðamenn. Rýnihóparnir bentu á að bæta þyrfti aðgengi að útivist s.s. með því að merkja og kortleggja leiðir á láglandi og til fjalla, með útvíkkun stíganets milli Akureyrar og nærliggjandi sveitarfélaga og með bættri umhirðu á þeim leiðum (mokstur og sópun). Þá vildu rýnihóparnir að aukin áhersla yrði á afþreyingu og viðburði fyrir börn og fjölskyldur.

Akureyringar voru frekar á því að vilja sjá fleiri innlenda ferðamenn heldur en fyrir faraldurinn en misjafnar skoðanir voru á því hvort fjölga ætti erlendum ferðamönnum á svæðinu. Þátttakendur rýnihópanna voru á því að millilandaflug til Akureyrar væri lykilatríði til að styrkja stöðir ferðamenskunnar á svæðinu en þeir undirstrikuðu óskir sínar um rólega fjölgun erlendra ferðamanna. Þeir höfðu ekki áhuga á því að sjá Akureyri verða að „algjörum túristastað“ þar sem framboð þjónustu væri mun meira miðað að erlendum ferðamönnum en innlendum og íbúum.



HEIMILDASKRÁ

- Aðalskipulag Akureyrar 2018-20320. Sótt 25. nóvember 2020, af <https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Adalskipulagid/ASK2018-2013/Lokagogn/adalskipulag-akureyrar-2018-2030-greinargerd.pdf>.
- Akureyrarbær. (2021, 16. júní). Stjórnsýslubreytingar hjá Akureyrarbæ. Sótt 1. Mars 2022 af <https://www.akureyri.is/is/frettir/stjornsyslubreytingar-hja-akureyrarbae>.
- Akureyrarbær. (e.d.a.). Hvað viltu gera?. Sótt 24. febrúar 2022 af <https://www.visitakureyri.is/is/moya/extras/allt-sem-thu-oskar-ther>
- Akureyrarbær. (e.d.b.) Hátíðir og viðburðir. Sótt 24. febrúar 2022 af <https://www.visitakureyri.is/is/see-and-do/hatidir-vidburdir>.
- Akureyrarbær. (e.d.c.) *Vetrarfrí á Akureyri*. Sótt 1. mars 2022 af <https://www.visitakureyri.is/is/see-and-do/hatidir-vidburdir/vetrarfri-a-akureyri>.
- Andereck, K. L. og Vogt, C.A. (2000). The relationship between residents' attitudes toward tourism and tourism development options. *Journal of Travel Research*, 39(1), 27-37. DOI: 10.1177/004728750003900104.
- Anna Ólafsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir. (2021). Rannsóknir með blönduðum aðferðum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Rannsóknir. *Handbók í aðferðafræði* (bls. 637-651). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Auður Ingólfssdóttir. (1997, 24. júlí). Vetrarfrí í skólum?. *Dagur-Tíminn*, bls. 5.
- Ágúst Ólafsson. (2019, 2. ágúst). Mikið tekjutap fyrir norðlenska ferðaþjónustu. RÚV. Sótt 6. apríl 2022 af <https://www.ruv.is/frett/mikid-tekiutap-fyrir-nordlenska-ferdathjonustu>.
- Baum, T. og Hagen, L. (1999). Responses to Seasonality: the Experiences of Peripheral Destinations. *International Journal of Tourism Research*, 1, 299-312.
- Birkir Örn Gretarsson, Ingvar Þorsteinsson og Oddný Þóra Óladóttir. (2020). *Ferðalög Íslendinga 2019 og ferðaáform þeirra 2020*. Sótt 26. nóvember 2020, af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/innanlandskonnun-2020-heild.pdf>.
- Cheer, J.M., Milano, C. og Novelli, M. (2019). Tourism and community resilience in the Anthropocene: accentuating temporal overtourism. *Journal of Sustainable Tourism*, 27, 554-572. DOI: 10.1080/09669582.2019.1578363.
- Deery, M., Jago, L. og Fredline, L. (2012). Rethinking social impacts of tourism research: A new research agenda. *Tourism Management*, 33, 64-73. DOI: 10.1016/j.tourman.2011.01.026.
- Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2012). *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll – Könnun meðal brottfararfarþega sumarið 2012*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2015). *Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála
- Edward H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2008). *Svæðisbundin markaðssetning: Aðferðir og leiðir*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. (2019). *Markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi. Niðurstöður spurningakönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála og Háskólinn á Hólum.



- Eusébio, C., Vieira, A. L. og Lima, S. (2018). Place attachment, host–tourist interactions, and residents’ attitudes towards tourism development: the case of Boa Vista Island in Cape Verde. *Journal of Sustainable Tourism*, 26(6), DOI: 10.1080/09669582.2018.1425695.
- Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens. (2010). *Orlofshús og -íbúðir í Eyjafirði. Könnun meðal gesta sumarið 2009*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2008). Ferðahegðun Íslendinga yfir vetrartímamann með áherslu á Norðurland, í Ingjaldu Hannibalsson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 115-126). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2010). Hlutverk flugvalla í þróun áfangastaðar: Dæmi frá Norðurlandi. Í Ingjaldu Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum XI: Viðskiptafræðideild* (bls. 43-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf ferðamanna í flugi milli Keflavíkur og Akureyrar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðabjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðabjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Ísafjörður*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastefna Akureyrarbæjar 2016-2026. Sótt 25. nóvember 2020, af <https://www.akureyri.is/static/research/files/akstofa-ferdamalastefna-samth-i-baejarstjorn-20-des-2016pdf>.
- Ferðamálastofa. (2007, 2. febrúar). *Akureyrarstofa í burðarliðnum*. Sótt 12. janúar 2022 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/akureyrarstofa-i-burdarliidnum>.
- Ferðamálastofa. (2010, 15. febrúar). *90% Íslendinga ferðuðust innanlands í fyrra*. Sótt 24. febrúar 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/90-islendinga-ferdudust-innanlands-i-fyrra>.
- Ferðamálastofa. (2021a). *Rannsóknaráætlun 2021-2023. Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðabjónustu*. Ferðamálastofa. Sótt 28. mars 2022 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2021/februar/rannsoknaraetlun-ferdamalastofu-2021-2023.pdf>.
- Ferðamálastofa. (2021b). *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*. Sótt 24. febrúar 2022 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>.
- Gallup. (2021). *Ferðalög Íslendinga 2020 og ferðaáform þeirra 2021*. Sótt 12. janúar 2022, af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/4031670_ferdamalastofa_040521.pdf.
- Grétar Þór Eyþórsson. (2021). Spurningakannanir. Um uppbyggingu, orðalag, orðanotkun og framkvæmd.. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir. Handbók í aðferðafræði* (bls. 489-515). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. (2022a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2021 - Sveitarfélagaskipan hvers árs Sótt 1. mars 2022 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=64da9109-9bd0-441f-9cf5-fd4168570289.
- Hagstofa Íslands. (2022b). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2021. Sótt 1. mars 2022 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnar/MAN030101.px.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Gistinætur Íslendinga og útlendinga á Akureyri 2009-2020. Sérvinnsla Hagstofu Íslands fyrir Akureyrarstofu, móttækin 26. maí 2021.



- Helgadóttir, G., Einarsdóttir, A. V., Burns, G. L., Gunnarsdóttir, G. Þ. og Matthíasdóttir, J. M. E. (2019) Social sustainability of tourism in Iceland: A qualitative inquiry. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 19 (4-5), 404-421. DOI: 10.1080/15022250.2019.1696699.
- Huijbens, E.H., Jóhannesson, H. og Jóhannesson, G.T. (2014). Clusters without Content? Icelandic National and Regional Tourism Policy. *Scandinavian Journal of Public Administration*, 18(1), 63-85.
- Húsnæðisáætlun 2022. Sótt 6. apríl 2022 af <https://www.akureyri.is/static/files/forsida/husnaedisaaetlun.pdf>.
- Ingi Steinar Ellertsson. (2010). *Hlíðarfjall. Stöðumat og framtíðarsýn* [óútgefin skýrsla]. Akureyri: Akureyrarbær.
- Isavia. (e.d.). Flugtölur 2012-2021. Sótt 6. apríl 2022 af <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/um-isavia/utgefid-efni/flugtolur/arleg-utgafa>.
- Ivanova, M., Ivanov, I.K og Ivanov, S. (2020). Travel behaviour after the pandemic: the case of Bulgaria. *Anatolia*, DOI: 10.1080/13032917.2020.1818267.
- Jakob Frímann Þorsteinsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón Torfi Jónasson. (2021). Kynni unglunga af vinsælum ferðamannastöðum. Frístundir, ferðalög og menntun. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrið 2021 – HBSC og ESPAD rannsóknirnar*. DOI: 10.24270/serritnetla.2021.11.
- Joo, D., Tasci, A.D.A., Woosnam, K.M., Maruyama, N.U. Hollas, C.R. og Aleshinloye, K.D. (2018). Residents' attitude towards domestic tourists explained by contact, emotional solidarity and social distance. *Tourism Management*, 64, bls. 245-257. DOI: 10.1016/j.tourman.2017.08.012.
- Kim, K., Uysal, M. og Sirgy, M.J. (2013). How does tourism in a community impact the quality of life of community residents?. *Tourism Management*, 36, 527-540. DOI: 10.1016/j.tourman.2012.09.005.
- Kristín Loftsdóttir, Auður Arna Arnardóttir, Már Wolfgang Mixa og Guðbjört Guðjónsdóttir. (2021). Sól og sandur: Ferðir Íslendinga til Kanaríeyja. *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*, 18(1), DOI: 10.24122/tve.a.2021.18.1.3.
- Margrét Víkingsdóttir og Anna Karlsdóttir. (2007). Byggðapróun og ferðaþjónusta. Í I. Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, bls. 369-387. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Markaðsstofa Norðurlands. (2019, 9. september). Sumarferðum Voigt Travel lokið – vetrarferðir framundan. Sótt 6. apríl 2022 af <https://www.northiceland.is/is/moya/news/sumarferdum-voigt-travel-lokid-vetrarferdir-framundan>.
- Markaðsstofa Norðurlands. (2021). *Áfangastaðaáætlun Norðurlands. Okkar áfangastaður 2021-2023*. Akureyri: Markaðsstofa Norðurlands og Ferðamálastofa
- McKercher, B., Wang, D. og Park, E. (2015). Social impacts as a function of place change. *Annals of Tourism Research*, 50, 52-66. DOI: 10.1016/j.annals.2014.11.002.
- MMR. (2018). *Ferðalög Íslendinga 2017. Spurningavagn MMR. Ferðamálastofa*. Reykjavík: MMR.
- Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.). *Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi*. Sótt 6. apríl 2022 af <https://www.maelaborðferdathjonustunnar.is/is/fartheagar/skemmtiferdaskip>.
- Obradović, S., Stojanović, V., Kovačić, S. Jovanovic, T. Pantelić, M. og Vujičić, M. (2021). Assessment of residents' attitudes toward sustainable tourism development - A case study of Bačko Podunavlje Biosphere Reserve, Serbia. *Journal of Outdoor Recreation and Tourism*, 35. DOI: 10.1016/j.jort.2021.100384.



- Oddný Þóra Óladóttir. (2020) *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- RHA. (2018, 6. júní). *Um 60% bæjarbúa á Akureyri telja að fjöldi ferðamanna sé hæfilegur yfir sumarmánuðina*. Sótt 7. febrúar 2022 af <https://www.rha.is/is/moya/news/um-60-baejarbua-a-akureyri-telja-ad-fjoldi-ferdamanna-se-haefilegur-yfir-sumarmanudina>.
- RHA.(2017). *Spurningavagninn Eyfirðingurinn í hnotskurn. Gagnaöflun fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála 1.-21. mars 2017* (óútgefin samantekt). Akureyri: RHA.
- Rögnvaldur Már Helgason. (2016, 26. febrúar). Akureyri vinsæl í vetrarfríinu. *RÚV*. Sótt 24. febrúar 2022 af <https://www.ruv.is/frett/akureyri-vinsael-i-vetrarfriinu>.
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (2021). *Svæðisbundið hlutverk Akureyrar. Skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.
- Sharpley, R. (2014). Host perceptions of tourism: A review of the research. *Tourism Management*, 42, 37-49. DOI: 10.1016/j.tourman.2013.10.007.
- Sóley Sesselja Bender. (2021). Rýnihóparannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir. Handbók í aðferðafræði* (bls. 277-295). Háskólinn á Akureyri.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.
- Thyne M., Woosnam, K.M., Watkins, L. og Ribeiro, M.A. (2022). Social Distance between Residents and Tourists Explained by Residents' Attitudes Concerning Tourism. *Journal of Travel Research*, 61(1):150-169. DOI:10.1177/0047287520971052
- UNWTO. (2022). International tourism and COVID-19. Sótt 24. febrúar 2022 af <https://www.unwto.org/international-tourism-and-covid-19>.
- Vetrarfrí verða víða í grunnskólum. (1999, 5. október). *Morgunblaðið*, bls. 4.
- Vogt, C. A., Andereck, K. L. og Pham, K. (2020). Designing for quality of life and sustainability. *Annals of Tourism Research*, 83, DOI: 10.1016/j.annals.2020.102963.
- Woosnam, K.M., Russell, Z., Ribeiro, M.A., Denley, T.J., Rojas, C., Hadjidakis, E., Barr, J. og Mower, J. (2021). Residents' pro-tourism behaviour in a time of COVID-19. *Journal of Sustainable Tourism*, DOI: 10.1080/09669582.2021.1985128.
- Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.
- Þingskjal nr. 1849/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036.
- Þingskjal nr. 1944/2019-2020. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.
- Þórný Barðadóttir. (2019). *Skemmtiferðaskip á Akureyri. Könnun meðal farþega 2018*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Pröstur Ernir Viðarsson. (2021, 26. janúar). *Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Hofi lokað*. Sótt 12. janúar 2022 af <https://www.vikubladid.is/is/frettir/upplýsingamidstod-ferdamanna-i-hofi-lokad>.



VIÐAUKI 1 SPURNINGALISTI FYRIR VEFKÖNNUN

Spurningar um ferðþjónustu á Akureyri yfir veturinn

1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðþjónustu yfir vetrartímamann vera fyrir samfélagið á Akureyri? (svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga, hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus), frekar lítilvæga, mjög lítilvæga, veit ekki, vil ekki svara)
2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðþjónustu á Akureyri yfir veturinn? (svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður, hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus), frekar óánægður, mjög óánægður, veit ekki, vil ekki svara)
3. Ef þú horfir á veturinn sem nú er að líða, hvað finnst þér um fjölda ferðamanna hér á Akureyri? Finnst þér að fjöldinn hafi verið of lítill í vetur, of mikill eða hæfilega mikill? (ATH: hér er átt við alla ferðamenn, bæði innlenda og erlenda). (svarmöguleikar: Allt of margir ferðamenn, heldur margir ferðamenn, hæfilegur fjöldi, heldur fáir ferðamenn, allt of fáir ferðamenn, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á Akureyri yfir veturinn

4. Ferðamenn glæða Akureyri lífi á veturna (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
5. Aðstaða til vetrarafþreyingar á svæðinu tekur meira mið af ferðamönnum en íbúum. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
6. Akureyri er eftirsóknarverður áfangastaður ferðamanna á veturna. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
7. Akureyri getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum yfir veturinn miðað við núverandi aðstæður. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
8. Vetrarferðþjónustan á Akureyri hefur skapað fleiri tækifæri fyrir mig til útivistar og afþreyingar á svæðinu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
9. Fyrir þá sem svara spurningu 8 mjög/frekar sammála: Getur þú nefnt dæmi um ný tækifæri á sviði útivistar og afþreyingar sem þú hefur nýtt þér? (opin spurning)
10. Ég hef þurft að breyta út af hefðbundnum lífsvenjum mínum eftir að ferðamönnum fjölgaði í bænum á veturna. [Dæmi um lífsvenjur gæti verið að fara í sund, verslanir, veitingastaði, hvaða leiðir þú ferð/ekur um bæinn o.s.frv.]. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
11. Fyrir þá sem svara spurningu 10 mjög/frekar sammála: Hverju hefur þú helst þurft að breyta? (opin spurning)
12. Fyrir þá sem svara spurningu 10 mjög/frekar sammála: Ég er sáttur(ur) við að þurfa að gera breytingar á hefðbundnum lífsvenjum mínum vegna ferðamanna á veturna. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á tímum COVID-19

13. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
14. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er Akureyri dauflegri en áður [ekki eins lífleg og hún var]. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)



15. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
16. Ég upplifði skerta þjónustu á svæðinu vegna fækkunar ferðamanna. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
17. Við endurreisn ferðaþjónustunnar á Akureyri þarf að leggja meiri áherslu á sjálfbærni en áður. [Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa]. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
18. Í vetur voru íslenskir ferðamenn meira áberandi hér á svæðinu en oft áður. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
19. Sumarið 2020 saknaði ég skemmtiferðaskipa á Pollinum. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku almennt í nútíð og framtíð á Akureyri


20. Almennt séð er ég sátt(ur) við að samfélag mitt taki einhverjum breytingum vegna ferðaþjónustu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
21. Ferðaþjónusta hefur leitt til fjölbreyttari þjónustu á svæðinu sem ég hef nýtt mér. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
22. Mér finnst jákvætt að íbúar á Akureyri geti ráðstafað fasteignum sínum í leigu til ferðamanna. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
23. Mér finnst samfélagið njóta góðs af ferðaþjónustunni. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
24. Akureyri þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
25. Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
26. Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
27. Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
28. Það væri æskilegt að fjölga útivistar- og afþreyingarmöguleikum fyrir heimamenn í bæjarlandinu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
29. Það væri æskilegt að fjölga útivistar- og afþreyingarmöguleikum fyrir ferðamenn í bæjarlandinu. (svarmöguleikar: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
30. Hvaða afþreying eða staðir telur þú vera helsta aðdráttarafli Akureyrar á veturna? (opin spurning)
31. Í hvaða hverfi á Akureyri býrð þú? (Fellilisti)
32. Starfar þú við ferðaþjónustu? (svarmöguleikar: já, nei)
33. Ef nei í sp. 32: Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? (svarmöguleikar: já, nei, veit ekki, vil ekki svara)
34. Hversu lengi hefur þú búið á Akureyri? (svarmöguleikar: 5 ár eða skemur, 6-10 ár, 11-20 ár, 21-30 ár, Lengur en 30 ár, veit ekki, vil ekki svara)



35. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? (svarmöguleikar: grunnskólanám eða minna (t.d. grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf), stúdentspróf eða iðnnám, annað starfsnám, háskólapróf, veit ekki, vil ekki svara)
36. Hver er staða þín á vinnumarkaði? (svarmöguleikar: Í launuðu starfi, Sjálfstætt starfandi, Atvinnurekandi, Í námi, Á eftirlaunum, Öryrki, Í atvinnuleit, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi, Annað, Veit ekki, Vil ekki svara)
37. Hvað er jákvæðast við ferðarþjónustu á Akureyri? (opin spurning)
38. Hvað er neikvæðast við ferðarþjónustu á Akureyri? (opin spurning)
39. Kyn: (svarmöguleikar: karl/konaKynsegin/annað)
40. Fæðingarár: (fellilisti)



VIÐAUKI 2 UPPLÝSINGAR ÚR VEFKÖNNUN UM BAKGRUNN SVARENDA



VIÐAUKI 3 NIÐURSTÖÐUR VEFKÖNNUNAR

Viðauki 3 inniheldur niðurstöður vefkönnunar meðal Akureyringa. Niðurstöðurnar eru settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar í töflum sem sýna hlutföll svara mismunandi hópa.

Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnsþættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að marktækur munur er til staðar miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að með 99,9% vissu er munurinn til staðar í þýðinu. Marktækniþróf fyrir flokkana *Menntun* og *Lengd búsetu á Akureyri* voru ógild vegna of fárra svara á bak við einstaka svarflokka.



Spurning 1. Almenn séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu yfir vetrartímann vera fyrir samfélagið á Akureyri?									Spurning 1. Tíðnitafla				
		Hvorki mikilvæga né											
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítillvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi svarenda % svarenda % svara				
		%	%	%	%	%	N						
	Fjöldi	0,4%	1,30%	6,20%	43,90%	48,20%	465	4.4	Mjög lítilvæga	2	0,4%	0,4%	
Kyn	Karl	0,9%	1,8%	6,8%	42,5%	48,0%	221	4.3	Frekar lítilvæga	6	1,3%	1,3%	
	Kona	0,0%	0,8%	5,7%	45,1%	48,4%	244	4.4	Hvorki mikilvæga né lítilvæga	29	6,2%	6,2%	
Aldur ***	18 - 44 ára	0,0%	3,8%	13,5%	47,4%	35,3%	133	4.1	Frekar mikilvæga	204	43,6%	43,9%	
	45 - 59 ára	0,6%	0,6%	4,8%	38,9%	55,1%	167	4.5	Mjög mikilvæga	224	47,9%	48,2%	
	60 ára og eldri	0,6%	0,0%	1,8%	46,1%	51,5%	165	4.5	Gild svör	465	99,4%	100,0%	
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	2,8%	8,3%	36,1%	52,8%	36	4.4	Gildir svarendur	465	99,4%		
	Annað	0,9%	0,0%	4,6%	46,8%	47,7%	109	4.4	Veit ekki	3	0,0%		
Í hvaða hverfi á Akureyri býrð þú?	600 Akureyri	0,0%	1,8%	6,0%	39,2%	53,0%	166	4.4	Vil ekki svara	0	0,0%		
	Miðbær	0,0%	0,0%	7,0%	46,5%	46,5%	86	4.4	Svöruðu ekki	0	0,0%		
	603 Akureyri	1,2%	0,6%	6,1%	44,2%	47,9%	165	4.4	Heildarfjöldi	468	100,0%		
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu? **	Já	0,70%	0,00%	6,70%	35,80%	56,70%	134	4.5					
	Nei	0,70%	2,10%	9,20%	50,70%	37,30%	142	4.2					
* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk													
Spurning 2. Almenn séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustu á Akureyri yfir veturinn?									Spurning 2. Tíðnitafla				
		Hvorki ánægður eða											
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi svarenda % svarenda % svara				
		%	%	%	%	%	N						
	Fjöldi	0,2%	4,10%	36,10%	49,10%	10,50%	438	3.7	Mjög óánægður	1	0,2%	0,2%	
									Frekar óánægður	18	3,8%	4,1%	
Kyn	Karl	0,0%	6,2%	35,9%	48,8%	9,1%	209	3.6	Hvorki ánægður né óánægður	158	33,8%	36,1%	
	Kona	0,4%	2,2%	36,2%	49,3%	11,8%	229	3.7	Frekar ánægður	215	45,9%	49,1%	
Aldur ***	18 - 44 ára	0,8%	7,1%	46,0%	39,7%	6,3%	126	3.4	Mjög ánægður	46	9,8%	10,5%	
	45 - 59 ára	0,0%	3,8%	30,2%	52,2%	13,8%	159	3.8	Gild svör	438	93,6%	100,0%	
